

Guðný Zoëga

Karlskáli - fornleifaskráning



Bygðasafn Skagfirðinga

Rannsóknaskýrslur

2020/230

Forsíðumynd: Horft til norðurs yfir bæjarstæði Karlskála.



© Guðný Zoëga/Byggðasafn Skagfirðinga
2020/230

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Tilgangur fornleifaskráningar	2
Aðferðarfræði.....	3
Karlskáli - söguágrip.....	4
Fornleifaskrá	5
Minjar úr heimildum með hnitum.....	43
Óstaðsettar minjar	48
Samantekt.....	52
Hættumat.....	53
Niðurlag	54
Heimildaskrá	55

Inngangur

Sumarið 2019 fór fram fornleifaskráning á þremur bæjum í Fjarðabyggð, Karlskála¹ í Reyðarfirði og Krossanesi og Kirkjubóli í Vöðlavík. Verkið var unnið af Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fyrir Hjörleif Guttormsson. Vettvangsskráning fór fram vikuna 28. ágúst til 2. septembers. Vettvangsvinna var í höndum Guðnýjar Zoëga fornleifafræðings og Hjörleifs Guttormssonar, náttúrufræðings. Úrvinnsla og skýrsluskrif voru í höndum Guðnýjar.

Heimildarmaður var Guðmundur Stefánsson frá Karlskála sem fær góðar þakkir fyrir aðstoðina. Einnig fær Tómas Zoëga þakkir fyrir aðstoð við að komast á staðinn til myndatöku.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 2064

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.² Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er

¹ Viðá sést rithátturinn Karlsskáli, en hér er fylgt rithætti í örnefnaskrá, sbr. einnig Árbók Ferðafélags Íslands 2005, Austfirðir frá Reyðarfirði til Seyðisfjarðar eftir Hjörleif Guttormsson. Það sama á einnig við um býlið Karlsstaði í Vöðlavík.

² Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

Aðferðarfræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Karlskáli var hluti af verkefni þar sem þrjár jarðir voru skráðar og því deilir hann verkefnisnúmerinu 2064 með jörðunum Kirkjubóli og Krossanesi.³ Vegna fjölda minja var ákveðið að Karlskáli yrði hafður í sérstakri skýrslu og eru hlaupandi númer því framhald af númeraröð hinna tveggja jarðanna og er fær bæjarhóll Karlskála því númerið 2064-84 í skýrslunni.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðræktar eða landrofs. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast aðallega við hættu af völdum landrofs vegna ágangs sjávar. Flestallar minjarnar teljast ekki í mikilli fyrirsjáanlegri hættu þar sem Karlskálar eru eyðijörð og fremur úrleiðis þannig að umgangur er þar lítill Hættumat gæti breyst ef fyrirhugaðar eru breytingar á svæðinu, s.s. byggingaframkvæmdir eða vegagerð. Þá verður að endurmeta hættumat. Í meginmáli skýrslunnar er hættumat einungis haft með ef minjarnar teljast í mikilli hættu. Annars er hættumat í hnitatöflu aftast í skýrslu.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir 1m í skekkju. Afstöðumynd teikninga er að finna í meginmáli en yfirlitsmynd af jörðinni er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93). Loftmynd af svæðinu var fengin hjá sveitarfélaginu Fjarðabyggð.

³Sjá skýrsluna Kirkjuból og Krossanes – fornleifaskráning, skýrslunúmer BSk 2020-231.



Mynd 1. Horft til norðurs yfir bæjarstæði Karlskála. Enn standa uppi veggir steinsteypst íbúðarhús sem brann 1961, bæjarhóllinn [2064-84] er bak húsinu. Eins og sjá má brýtur sjórinn af bökkum neðan bæjarstæðisins.

Karlskáli - söguágrip

Eyðijörðin Karlskáli í Reyðarfirði er næst ysta jörðin á norðurströnd Reyðarfjarðar. Hún kemur fyrst fram í ritheimildum í Manntali árið 1703, og bjuggu þar þá 12 manns og jörðin tvíbýl.⁴ Í Jarðatali Johnsens frá 1847 er jörðin í eigu Dvergasteinskirkju en varð bændaeign á síðari hluta 19. aldar. Þá keypti Eiríkur Björnsson jörðina og voru í hans tíð allt að 50 manns í heimili þegar mest var. Hann rak stórt landbú auk árabátaútgerðar, jafnan með tvo báta skipaða eigin mönnum en átti einnig hluti í bátum Færeyinga sem reru frá Karlskála og gerði út bæði að heiman og frá Seley. Niðjar Eiríks bjuggu eftir hann á Karlskála en síðast var jörðin í eigu Stefáns Guðnasonar. Hún fór í eyði eftir að íbúðarhúsið brann 1961.⁵

Karlskáli taldist 12 hundruð að dýrleika árið 1845 en var í nýju jarðatali 1861 hækkuð í 22 hundruð.⁶ Bærinn stóð á mjóu undirlendi undir Álfjalli. Fjallið er víðast bratt og hrjóstrugt, undirlendið grösugt en grýtt og óhægt til ræktunar. Haglendi er gott. Ströndin er vogskorin, þaraflúðir úti fyrir og stuttir tangar fram í sjó.

Tvö afbýli voru í Karlskálalandi, Kaganes sem var á samnefndum tanga innst í landinu og Kambar sem voru í túni. Kaganes mun hafa verið byggt rétt eftir aldamótin 1900 en óvíst hvenær það lagðist í eyði, í örnefnaskrá Eiríks Björnssonar er þó talið að það hafi verið snemma.⁷ Kaganess er getið í manntali 1910 og voru þar þá 4 til heimilis, en árið 1920 bjuggu

⁴Tekið af heimasíðu Þjóðskjalasafns Íslands <http://manntal.is/> skoðað 19.04.2020.

⁵Sveitir og jarðir í Múlapingi, 3. Bind, bls. 93-94.

⁶Jarðatal Johnsens 1847, bls. 374, Ný jarðabók 1861, bls. 144.

⁷Örnefnalýsing Eiríks Björnssonar, bls. 22.

þar sjö manns.⁸ Grasbýlið Kambar voru sömuleiðis byggðir skömmu eftir aldamótin 1900 en býlisins er fyrst getið í ábúendaskrá 1933. Þar var seinast búið 1948.⁹



Mynd 2. Bæjarstæði Karlskála. Vinstra megin við steinsteypta húsið er grunnur timburhúsa. Framan við húsið má sjá leifar matjurtagarðs [2064-108].

Fornleifaskrá

Karlskáli 2064-84

Hlutverk: Híbýli, fjós, hæsnakofi, hlaða, kamar, geymsla

Tegund: Bæjarstæði

Staðhættir

Gamli bæjarhóllinn á Karlskála er um 20m austan bæjarlækjar sem rennur niður mitt túnið og um 40m ofan fjöruborðs.

Lýsing

Nokkrar tóftir og húsgrunnar eru á gamla bæjarhólnum. Hóllinn var mjög gróinn þegar skráning fór fram og ekki hægt að greina allar vegghleðslur. Hóllinn er um 30m frá austri til vesturs og 20m frá norðri til suðurs. Neðan við bæjarhólinn eru leifar steyppts íbúðarhúss, seinasta íbúðarhúss á staðnum, sem brann 1961.


Aðrar upplýsingar

Í Örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 31-32) segir: „Bæjarhús voru öll úr timbri, þau er fram að hlaði vissu, og öll í samfelldri röð og sneru stöfnum austur og vestur. Fyrst var Smíðahús, lítil bygging og lágreist, en tvær hæðir. Þá kom baðstofa, tvær hæðir, og 4 gluggar

⁸ Tekið af heimasíðu Þjóðskjalasafns Íslands <http://manntal.is/> skoðað 19.04.2020.

⁹ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, 3. bindi, bls. 95.


Karksskáli - yfirlitsteikning af bæjarhúsum



1. Haughús.
2. Gamlaeldhús, og inn af því þvottahús, út úr því bakdyr og skólprenna út í niðurgrafna for, yfirrefta.
3. Fjós og úr því renna út í haughús. Þetta voru gömul hús með þykkum veggjum.
4. Búr.
5. Geymsluhús
6. Gamlabaðstofa (af henni var ekkert eftir, nema nafnið).
7. Göng frá Gamlaeldhúsi út á hlað og var þar aðalinngangur.
8. Smíðahús.
9. Nýjaeldhús á neðri hæð, baðstofa uppi á efri.
10. Svefnherbergi.
11. Útbær (svefnherbergi og gestastofa).
12. Geymsluskúr (fyrir eldivið, reiðver o.fl.).
13. Kúahlaða.
14. Súrheysgryfja.
15. Hænsnakofi.
16. Kamar.

Mynd 3. Skýringarmynd sem sýnir afstöðu bæjarhúsa og hlutverk þeirra á fyrri hluta 20. aldar. Teikningin er unnin upp úr teikningu í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar, bls. 52.

á efri hæð og 3 á neðri, þeim megin er að hlaði vissi, en undir staka glugganum var aðalinngangur í bæinn; við tók svo útbær eða stofuhús. Á því miðju voru dyr og 2 gluggar sitt hvorum megin. Utan við það var skúrbygging með hallandi þaki út á við. Að húsabaki baðstofu voru áföst geymsluhús og búr, og fram með þeim göng í Gamlaeldhús. Hins vegar við göngin var Gamlabaðstofa, þá notuð fyrir geymslu. Gamlaeldhús var ekki í notkun eftir að raflýst var, nema í viðlögum. Samhliða því að vestan var fjós, og var innangengt í það úr eldhúsinu. Bakdyr voru úr því að húsabaki, eins úr fjósi. Þar var og skólprenna út í for, sem var yfirbyggð með



Mynd 4. Yfirlitstekning sem sýnir minjar í heimatúni.

rekaviði. Austan við eldhúsið frá Gömlubaðstofu var smákofi, hænsnakofi, inn í jarðvegsbarð, sem þar hafði myndast og hallaði upp frá húsunum. Þar var og súrheysgryfja. Austast í

þyrpingunni var svo Kúahlaða, sem sneri stöfnum austur og vestur. En efsta húsið var útikamar, vel gerður með tveim setum hlið við hlið, eins og nokkurs konar selskapshús.“ „Eitt hús vantar í bæjarþyrpinguna, en það er haughúsið í vestur frá fjósi [...]“ Í Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál (bls. 94): „Tvö gömul stór timburhús sneru hlið að sjó, 2 hæðir, innangengt á milli, húspláss þar fyrir um 40 manns. Þessi hús löskuðust í rosaveðri '31.“ Á túnakorti Karlskála virðast vera fjögur hús.

Karlskáli 2064-85

Sérheiti: Færeyingakofi

Hlutverk: Sjóbúð, hesthús, reykkofi

Tegund: Tóft

Staðhættir

Austan lækjar í túni, um 40m norðaustar bæjarhóls er tóft.

Lýsing

Tóftin var full af grjóti úr veggjum og erfitt að meta vegg-hæð og innri gerð. Að utanmáli var hún 5x8,5m og hafa dyr



Mynd 5. Horft til vesturs yfir bæjarstæði Karlskála. Tóft Færeyingakofa [2064-84] er hægra megin fyrir miðri mynd, neðan lækjarfarvegur.

vitað í suður. Vegg hæð var mest um 1m og veggþykkt 1m.

Aðrar upplýsingar

Heimildarmaður Guðmundur Stefánsson, segir að eftir að hætt var að búa í Færeyingakofa hafi þar verið hesthús og reykkofi.

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 34) segir: „Þá er eftir að geta um eitt hús, sem stóð rétt utan við Ræsið, í hæð við efstu bæjarhúsin. Það hét Færeyingakofi og mun í upphafi hafa verið sjóbúð (fyrir sjómenn), en ekki man ég þá tíð. Í mína tíð var þarna hesthús. Þarna voru tveir básar í hvorum enda og breiður, grunnur flór á milli básanna. Dyrnar voru sjávarmegin. Veggir voru hlaðnir úr grjóti og torfi. Í veggnum á mótum dyrunum var útskot í ca. ½ meters hæð og ca. 1 meter á breidd og nær því eins á dýpt inn í vegginn. Þetta útskot var hlaðið innan með grjóti, og í því var steinlagt gólf. Upp úr þessu útskoti var strompur hlaðinn úr grjóti upp á mótis við mæni hússins og fráskilinn þakinu.“



Mynd 6. Horft til suðvesturs yfir bæjarstæði Karlskála. Lambúsið [2064-86] er aflanga tóftin hægra megin við Traðirnar [2064-86-99] að bænum.

Karlskáli 2064-86

Sérheiti: Lambhús, Hrútakofi

Hlutverk: lambhús, hrútakofi, fjárhús, hlaða

Tegund: Tóft

Staðhættir

30m ofan bæjarhóls á hæð í túni eru leifar fjárhúsa og hlöðu.

Lýsing

Tóftin liggur norður-suður, 7x18m að utanmáli. Hún er tvískipt, fjárhúsið sunnan við 4x7m að innanmáli og hlaðan aftan við 3x8m að innanmáli. Veggir voru nokkuð hrundir, um 50cm þar sem hæstir og um 1m á breidd.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 33) segir: „Beint út af myllunni, út á móts við yztu bæjarhúsin, og því nokkru ofar en bærinn, var fjárhús og hlaða, ýmist kallað Lambhús eða Hrútakofi, eftir því til hvers það var notað.“

Karlskáli 2064-87

Sérheiti: Vatnsmyllan

Hlutverk: Mylla

Tegund: Tóft, niðurgröftur

Staðhættir

Á sléttri flöt á austurbakka bæjarlækjar og 40m ofan (norðan) bæjarhóls eru leifar myllutóftar.

Lýsing

Veggir eru grjóthlaðnir og óljósir en þó sjást enn útlínir hússins, veggir eru hæstir um 20cm og 50cm þykkir. Myllan hefur verið 2x3m að innanmáli. Vatn hefur verið leitt í mylluna úr bæjarlæknum ofan við og sést enn grunnt ræsi á 30m löngum kafla upp og norður frá myllunni.

Aðrar upplýsingar

Í búskaparannál Sveita og jarða (3. bindi, bls. 94) er mylla sögð hafa staðið við bæjarlækinn. Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 32-33) segir: „Upp með læknum [Bæjarlæknum] utanverðum, á lækjarbakkanum á móts við Skúrhúsin, var Vatnsmyllan. Hún var aldrei notuð í minni Eiríks Björnssonar, en kvörnin komin heim í bæ og stóð í stokk í búrinu, og þar var malað í henni á stríðsárunum 1914-1918.“

Karlskáli 2064-88

Hlutverk: Ræsi

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Á sléttri flöt á austur bakka bæjarlækjar og 40m ofan (norðan) bæjarhóls eru leifar myllutóftar og upp frá henni liggur grafið ræsi sem vatni hefur verið leitt í gegnum úr bæjarlæknum.

Lýsing

Vatn hefur verið leitt í mylluna úr bæjarlæknum ofan við og sést enn grunnt ræsi á 30m löngum kafla upp og norður frá myllunni. Ræsið er nú rétt um 30cm djúpt og 40cm á breitt en orðið mjög yfir það gróið.

Karlskáli 2064-89

Sérheiti: Skúrhús

Hlutverk: Fjárhús, hlaða

Tegund: tóft

Staðhættir

Um 12m vestan bæjarlækjar og 45m norðvestur af bæjarhólnum er stæðileg fjárhús- og hlöðutóft.

Lýsing

Hleðslur standa enn vel en orðnar nokkuð grónar, um 1,5m þar sem þær eru hæstar og 1m á þykkt. Tóftin liggur norður-suður og er 10m á breidd og 20m á lengd að utanmáli. Fjárhúsið er

sunnan við og er 7x9 að innanmáli og hefur þil verið á húsinu til suðurs. Hlaðan norðan við er 4x4,5m að innanmáli.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 28) segir: „Ofar við lækinn [Bæjarlækinn] og framan hans voru ærhúsin, hétu Skúrhús, og við endann fjallsmegin Skúrhúshlaða. Þetta voru stór fjárhús og tóku margt fé, ég gizka á 80 ær. Útveggir voru hlaðnir úr grjóti og torfi, varla mannhæðarháir, en tré eða timburþil fram að suðurátt með tveim dyrum [...]“

Heimildarmaður Guðmundur Stefánsson kannast ekki við Skúrhúsnaðnið.

Karlskáli 2064-90

Sérheiti: Stöðull

Hlutverk: Stöðull, kvíar

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 20m vestan bæjarlækjar og 80m norðvestur af bæjarhólnum er hleðsla upp við klett.

Lýsing

Um er að ræða garðlag sem hlaðið hefur verið austan kletts sem myndar vestur langhlið kvíanna. Hleðslan myndar tóft sem hefur verið 11m löng og 2m á breidd. Veggjahæð var mest 60cm og þykkt 70cm, en tóftin

var mjög gróin og sést ekki í steinhleðslur. Hlið hefur verið úr kvíunum til suðvesturs.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls.29) segir: „Beint upp af Skúrhúsum, nokkrum föðmum ofar, er stakur klettur, og undir honum vallgróin hleðsla. Það heitir Stöðull. Ekki er að sjá, að margar ær hafi verið í kvíum á þeirri tíð, er kvífé var mjaltað þar, í mesta lagi 25-31 ær.“



Mynd 8. Kvíatóft [2064-90] upp við klett vestan Bæjarlækjar.

Karlskáli 2064-91

Sérheiti: Stórahlaða

Hlutverk: Hlaða

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 10m austur af bæjarlæknum og 10m vestur af bæjarhólnum eru leifar hlöðutóftar.

Lýsing

Tóftin er stór og nánast hringlaga, 7,5x8m að innanmáli. Veggir orðnir mjög grónir og hrundir en sést í einstöku steina í vegg. Veggjahæð er mest um 60cm og veggir eru 1m á breidd. Engar dyr voru greinanlegar.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 31) segir: „Þegar komið er yfir brúna á Bæjarlæknum, er fyrst farið hjá Stóruhlöðu, sem stóð rétt ofan við veginn.“

Karlskáli 2064-92

Hlutverk: Óþekkt, kofi

Tegund: Tóft

Staðhættir

Kofatóft framan við kletta 17m ofan heimreiðar og 50m vestur af bæjarlæk.

Lýsing

Lítil kofatóft byggð upp við kletta sem mynda vesturlanghlið. Tóftin er mjög gróin og veggir óglöggir en hún virðist hafa verið 4x4m að utanmáli, dyr hafa vitað í austur. Vegghæð er mest 30cm og breidd 50cm.

Karlskáli 2064-93

Hlutverk: Óþekkt, kofi

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Gróin hleðsla upp við klett, svokallað Hraun, nokkra metra ofan heimreiðar um 100m vestur af bæjarstæðinu.

Lýsing

Hleðslan er algróin, mest um 50cm á hæð og 70cm á þykkt. Hún myndar smá tóft um 4x4m að innanmáli upp við klettinn en hún er opin til norðausturs.

Karlskáli 2064-94

Hlutverk: Brú

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Grjóthleðsla er á sitt hvorum bakka bæjarlækjar þar sem nú er trébrú á læknum

Lýsing

Heimreiðin liggur að brúnni vestanvert og svo á 30m löngum kafla að bænum austan bæjarlækjar. Hleðslurnar eru mest um 70cm á hæð.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 28) segir: „Þar sem vegurinn lá að Bæjarlæknum, var gerð brú yfir lækinn löngu fyrir tíð Eiríks Björnssonar. Undirviðirnir voru þykkir eikarbitar, líklega skipskjölur, því að í þeim voru stórir járnboltar. Ekki man ég eftir handriði á brúnni. En þegar kerra og heyvagn komu til notkunar, var brúin breikkuð með því að gild rekatré voru lögð samhliða brúnni og auðvitað höggvín áður.“



Mynd 9. Brú [2064--94] á bæjarlæknum, sést í hleðslur í austari lækjarbakkanum.

Karlskáli 2064-95**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Tóft stendur á hólkolli neðan heimreiðar, innan bæjarlækjar um 100m inn og vestur frá bæjartóftum.

Lýsing

Veggir tóftar eru óverulegir og hún algróin, vegg hæð mest um 40cm og breidd 70cm. Tóftin er tvískipt og hafa dyr vitað í suður.

Karlskáli 2064-96**Hlutverk:** Gata**Tegund:** Samgöngubót**Staðhættir/lýsing**

Gata liggur frá bæjarstæði út túnið til austurs að hliði syðst á eystri túngarðsvegg og um 700m út með ströndinni að Stekkanesi.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 34) segir: „Frá bænum er götuslóði út á tún og síðan út sjávarbakkana allt út á Stekkatanga. Á túngarðinum er annað hlið, þar fyrir ofan bakkann.“

Karlskáli 2064-97**Hlutverk:** Sumarfjós**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Í suðaustur horni túns, ofan götu [2067-96] sem liggur út tún er grjóthlaðin tóft upp við túngarðsvegginn.

Lýsing

Tóftin liggur austur-vestur og hafa dyr verið til suðurs. Hún er 3x5m að innanmáli, veggir mest um 1m á hæð og 70cm á þykkt.

Aðrar upplýsingar

Heimildarmaður Guðmundur Stefánsson segir þetta hafa verið sumarfjós og síðan hesthús.

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 34) segir: „Frá bænum er götuslóði [2064-96] út á tún og síðan út sjávarbakkana allt út á Stekkatanga. Á túngarðinum er annað hlið, þar fyrir ofan bakkann. Þar inni á túninu stóð Sumarfjósið og hesthús að vetri.“

Karlskáli 2064-98**Hlutverk:** Fjós, sumarfjós?**Tegund:** Dældir**Staðhættir**

Tvær dældir eru í túni um 100m norðaustan bæjartóftanna, fast neðan heimreiðar sem virðast hafa getað verið af tvískiptum húsum.

Lýsing

Veggjalög óljós en lítur út eins og tvískipt tóft sem hefur legið norður-suður. Búið að slétta í tún og veggjahæð mest um 10cm.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 33) segir: „Frá Ræsinu lá reiðgatan út hjá rústunum af sumarfjósi [2064-98] og þaðan upp Traðir [2064-99], sem fyrr meir voru afgirtar, og upp að Hestarétt uppi undir brekkunni.“

Karlskáli 2064-99

Sérheiti: Traðir

Hlutverk: Gata

Tegund: Samgöngubót

Staðhættir

Gata liggur frá bæjarstæði til norðausturs á 170m löngum kafla upp tún að hliði efst á túngarðinum austanverðum.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 33) segir: „Frá Tröppum og út að Útsniði seytla vatn í



Mynd 10. Myndin sýnir Traðirnar [2064-99] þar sem þær liggja upp að norðausturhorni túngarðus [2064-100]. Áföst utan túngarðs er hleðsla af hestarétt [2064-166].

rigningartíð undan brekkunum og fellur í einn farveg niður túnið, og heitir það Ræsi. Þegar kemur niður á móts við bæ, rennur Ræsið eftir Útlág og eftir henni til sjávar. Reiðgatan lá frá bænum upp með Ræsinu og yfir það upp undir Dverghrauni [...] Frá Ræsinu lá reiðgatan út hjá rústunum af sumarfjósi [2064-98] og þaðan upp Traðir, sem fyrr meir voru afgirtar, og upp að Hestarétt [2064-166] uppi undir brekkunni.“

Karlskáli 2064-100

Hlutverk: Túngarður, varnargarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Grjóthlaðinn túngarður liggur frá fjöru 220m austan bæjar og á 190m kafla til nnv, þar beygir hann til vesturs og er vel greinanlegur á 170m kafla ofan bæjar að Bæjarlæknum, en er stopulli á 230m löngum kafla að matjurtagörðum [2064-136] austan Kambslækjar.

Lýsing

Hleðslur standa nokkuð vel en þó hrundar að nokkru leyti. Garðurinn er allt á 1,2m á hæð og 1m á breidd. Hlið er á garðinum í norðausturhorni þar sem heimreiðin [2064-99] liggur út úr garðinum og að götu til Krossaness. Garðurinn hættir við Kambslæk en garður [2064-126] liggur svo úr klettum og niður að sjó vestan við hjáleiguna Kamba.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls.33-34)segir: „Frá Hestarétt var hlaðinn garður úr grjóti allt vestur að Bæjarlæk fyrir ofan túnið; sumpart var sá garður til varnar aurskriðum og

grjótkasti ofan úr brekkunum og til varnar túninu fyrir ágangi búfjár. Frá Hestarétt var og grjótgardur allt niður á sjávarbakka. Á þeim garði var breitt hlið við réttina, og þar var farið um með heyband.“

Karlskáli 2064-101

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Stefnislaga niðurgröftur frammi á sjávarbakka 160m ssa bæjar

Lýsing

Niðurgröfturinn er um 3x5m að stærð inn í bakkann en engar hleðslur eru sýnilegar.

Aðrar upplýsingar

Heimildarmaður, Guðmundur Stefánsson kannaðist ekki við að þarna hefðu verið teknir upp bátar.

Karlskáli 2064-102

Hlutverk: Ræsi

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Grunnt ræsi liggur frá brunni [2064-104] sem er í mýri 50m ofan (norðan) bæjarstæðisins og niður að bæjarstæðinu.

Lýsing

Ræsið er um 40cm á breidd og um 30cm á dýpt, en orðið mjög yfirgróið. Engir steinar sáust í hleðslu.

Karlskáli 2064-103

Hlutverk: Íshús

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta vegna landbrots

Staðhættir

Leifar af tóft er á bakka ofan sjávarborðs 20m vestur af þar sem Bæjarlækurinn fellur til sjávar og 110m suðvestur af bæjarstæðinu.

Lýsing

Tóftin er að mestu horfin fyrir bakkann en norðurhluti tóftar enn að hluta sýnilegur, um 5m á breidd og 3m á lengd. Veggir eru um 40cm á hæð og 1m á þykkt.

Aðrar upplýsingar

Í Sveitum og jörðum (3. bindi, bls. 94) segir í Búskaparannál: „Íshús byggt um aldamót á sjávarbakka, aflagt um ’30.“ Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 28) segir: “Framan lækjar (vestanvert) stóð á bakka Bæjarfjöru Íshús. Það var fyllt snjó og klaka að vetrinum, og



Mynd 11. Tóft íshúss [2064-103] á sjávarbakka sem er að hluta horfið.

var þar geymd beitusíld, meðan síld var aðallega notuð til beitu. Þegar hún hætti að veiðast, var notaður skelfiskur til beitu, og voru þá ekki not fyrir Íshúsið, og er það fyrir löngu horfið, nema þá veggirnir.“

Karlskáli 2064-104

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Niðurgrafinn og grjóthlaðinn brunnur er í votlendi 50m ofan bæjarstæðisins.

Lýsing

Brunnurinn er gróinn og ekki sést í hleðslur. Renna eða ræsi [2064-102] hefur legið frá brunninum og niður í bæinn.

Aðrar upplýsingar

Heimildarmaður, Guðmundur Stefánsson, segir vatn hafa verið leitt úr bæjarlæknum í brunninn.

Karlskáli 2064-105

Hlutverk: Varnargarður

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Bogadreginn varnargarður liggur um 15m ofan bæjarstæðis á Karlskála

Lýsing

Garðurinn var hlaðinn til varnar flóðum úr bæjarlæknum. Garðurinn stendur vel en er algróin um 70cm þar sem hann er hæstur og 1m á breidd.

Aðrar upplýsingar

Í Örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 32) segir: „Bærinn stóð á milli Stórlágar og Útlágar, sem var rétt utan við bæinn og sveigði til vesturs ofanbæjar. Sú lág var vissulega líka gamall lækjarfarvegur, en ógreinilegri. Ofan við bæjarþyrpinguna hafði einhvern tíma verið byggður varnargarður fyrir flóði úr læknum. Garðurinn náði milli láganna, gerður úr torfi og stórgrýti. Hann lá í boga frá vestri til austurs. Ekki veit ég hvenær sá garður var gerður.“

Karlskáli 2064-106

Hlutverk: Kartöflugeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Smákofi er fremst á brekku 20m suðaustan bæjarins.

Lýsing

Tóftin liggur austur-vestur um 3x4m að utanmáli. Veggir eru hæstir um 30cm og 50cm á þykkt. Mikill gróður á tóftinni en dyr virðast hafa snúið í austur

Aðrar upplýsingar

Heimildarmaður, Guðmundur Stefánsson, segir þetta hafa verið kofa til að geyma kartöflur.

Karlskáli 2064-108

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Hleðsla, niðurgröftur

Staðhættir

Framan (sunnan) við bæjarhlað á Karlskála er matjurtagarður umlukinn garðlagi

Lýsing

Garðurinn er enn vel glöggur en vel gróinn um 18m langur frá austri til vesturs og 7m frá norðri til suðurs. Vegghæð er mest um 50cm og breidd 40cm.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls.31) segir: „Matjurtagarður var þar fyrir neðan eftir allri húslengdinni [bæjarhúsunum], og girt fyrir neðan hlaðið og umhverfis allan matjurtagarðinn.“

Karlskáli 2064-109

Hlutverk: Óþekkt, uppsátur?

Tegund: niðurgröftur

Staðhættir

Frammi á bakka ofan fjöru um 90m suðaustur af Karlskálabæ er stefnislaga niðurgröftur.

Lýsing

Niðurgröfturinn er um 3x5m að stærð inn í bakkann og virðist niðurgröftur en engar hleðslur eru sýnilegar.

Aðrar upplýsingar

Heimildarmaður, Guðmundur Stefánsson kannaðist ekki við að þarna hefðu verið teknir upp bátar.

Karlskáli 2064-110

Sérheiti: Stöðulhús

Hlutverk: Fjárhús, lambhús

Tegund: Tóft

Staðhættir


Vestan bæjarlækjar ofan túns 115 norðvestan bæjarhúsa og 15m vestur af bæjarlæknum.

Lýsing

Tóftin liggur norður-suður og hleðslur standa vel, um 1,5m þar sem hæst og 1m á þykkt. Hún er 7x15m að utanmáli og tvískipt. Fjárhúsið framan við (sunnan) er 3x9m að innanmáli, með garða fyrir miðju. Timburpil hefur vitað til suðurs. Aftan við er hlaða 2x2m að innanmáli. Húsið hefur verið grafið inn í hlíðina ofan til og myndar hlíðin norður skammvegg í hlöðunni.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls.29) segir: „Upp af Stöðlinum stóð eitt fjárhús (lambhús) og hét Stöðulhús. En svæðið ofan við Stöðulinn var stundum kallað Upp á Stöðli.“



Mynd 12. Vinstra megin á mynd má sjá leifar Stöðulhúsa [2064-110] en ofar í brekkunni má sjá steinsteypar leifar af rafstöð [2064-111].

Karlskáli 2064-111

Sérheiti: Stöðvarhús/Rafstöðin

Hlutverk: Rafstöð

Tegund: Steinsteypa

Staðhættir

Vestan bæjarlækjar ofan túns er steypur grunnur rafstöðvar.

Lýsing

Steypir veggir standa enn að hluta og mótur enn til staðar inni í byggingunni, en stór steinn hefur fallið úr hlíðinni ofan við og ofan í húsið. Veggir eru hæstir 1,5m og steypuveggir 20cm á þykkt.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 29) segir: „Neðst í brekkunni þar rétt ofar stóð Stöðvarhús eða Rafstöðin. 1914 var raflýst, og frá stöðinni lá leiðslan fyrir rafmagnið á 3 staurum heim að bæ, en vatnið var leitt í stálpípum ofan af fjallsbrúnni úr Bæjarlæknum og lágu pípunar niður klettana, sem eru ca. 2 mannhæðir, ekki langt framan við fossinn, sem hefur grafið sig niður í brekkuna niður á klöpp.“ Í Sveitum og jörðum (3. bindi, bls. 94) segir: „Vatnsaflsstöð við bæjarlæk komið upp ,14, 8-10 kw., nægði til ljósa, suðu og upphitunar að nokkru [...]“

Heimildarmaður, Guðmundur Stefánsson, segir stöðina reista 1916 af Páli Leópoldssyni og þetta hafi verið elsta einkarafstöð á Íslandi.

Karlskáli 2064-112

Sérheiti: Framhjallur

Tegund: Hjallur

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Vestast á Króartanga er grjóthlaðinn grunnur undan hjalli sem kallaður var Framhjallur. Grunnurinn er rétt um 2m vestur af tóft svokallaðs Fiskihúss [2064-115].

Lýsing

Þarna er slétt flöt 4x5m að ummáli og hefur hjallurinn snúið norðvestur-suðaustur. Gólf hjallsins hefur verið lagt grjóti en það er nú alveg gróið.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 26-27)segir: „Fram af Gulahúsi í bakkanum var gryfja fyrir fiskúrgang [...] þar frammar á bakkanum Fiskhús [...] Þar framan við stóð, í svo sem 1 meters fjarlægð, vestasta húsið á Króartanga, Framhjallur. Hann var þannig byggður, að þakið stóð á 3 hlöðnum stólpum hvorum megin, en utan um stólpana voru eikarstoðir, sem héldu stöplunum föstum. Stöplarnir voru ca. 1 meters háir, en risið á þakinu var hátt og stafnar þess með grindum. Þar var aðallega verkaður hákarl [...] Í Framhjalli var geymdur bátur að vetri, sem alltaf var hægt að grípa til, ef með þurfti. Nú kváðu öll hús vera fallin á tanganum.“



Mynd 13. Tóft Framhjalls [2064-112]. Horft í austur.

Karlskáli 2064-113

Sérheiti: Tangarétt

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Efst á sléttu flöt á Króartanga

Staðhættir

Efst á Króartanga 220m suðvestan bæjarstæðis á Karlskála eru leifar hringlaga grjóthlaðinnar réttar sem byggð er upp við stóran náttúrustein.

Lýsing

Tóftin er hringlaga um 8m þvermál og hefur hlið á henni legið í suður. Veggir eru enn nokkuð stæðilegir, um 1,6cm á hæð og 1m á þykkt. Réttin liggur 7m norðvestur af fjárhústóftum [2064-114]. Veggir hafa verið hlaðnir milli hringlaga tóftarinnar og, og mynda þar kró eða aðhald milli réttar og fjárhúsa.

Aðrar upplýsingar

Heimildarmaður, Guðmundur Stefánsson, segir grjótið í hleðsluna milli fjárhúsanna [2064-114] og Tangaréttar hafa verið sótt niður í fjöru, rúnnað fjörugrjót.



Mynd 14. Yfirlitsmynd af Tangarétt [2064-113].



Mynd 15. Horft til norðausturs yfir Króartanga, Karlskáli í baksýn.

Karlskáli 2064-114

Sérheiti: Fremstahús, Miðhús, Ystahús, Lambhús

Hlutverk: Fjárhús, geymsla, fiskverkun

Tegund: Tóftaþyrping, heimild

Staðhættir

Tvístæð fjárhús eru ofarlega á Króartanga, 220m suðvestur af bæjarstæðinu.

Lýsing

Um er að ræða tvístæð fjárhús, grjóthlaðin og eru garðar í þeim báðum. Húsin eru 12x12m að utanmáli. Bæði eru húsin um 3x10m að innanmáli og hafa dyr verið á þeim báðum til suðurs. Hleðslur standa ágætlega en farnar að hrynja, um 1m á hæð og 1m á þykkt. Tvær garðhleðslur, 7m og 11m langar tengja fjárhúsin við Tangarétt. Vestan húsanna markar fyrir samsíða húsgrunni, um 4x8m að utanmáli en engar greinanlegar vegghleðslur.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 25-26) segir: Á Króartanga var mikil byggð. Efst var fjárhús, hét Efstahús. Niður af því var stjórn fjárrétt lögð steingólfi, hét Tangarétt. Þar niður af voru 3 hús samstandandi, Fremstahús, Miðhús og Ystahús. Af þeim var Miðhús merkilegast. Þar var timburgólf og þiljað innan, að minnsta kostið að miklu leyti. Þar var brædd lifur við gufu í stórum potti, og allmikill tækjabúnaður í kringum það. Hin húsin voru til geymslu.“

Samkvæmt heimildarmanni, Guðmundi Stefánssyni, eru fjárhústóftirnar leifar þessara húsa en þá hefur hlutverk þeirra breyst frá því þegar útgerð var á tanganum. Í hans minni var Ytra fjárhúsið kallað Lambhús [Ystahús?] og syðra húsið Miðhús. Fremsta hús hefur þá verið áfast vestan Miðhúss en veggir hafa verið rifnir.

Karlskáli 2064-115

Sérheiti: Fiskihús

Hlutverk: Sjóhús

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta vegna sjávargangs

Staðhættir

Um 2m ofan við bakka sem brýtur af ofan fjöru á Króartanga eru hlaðnar leifar fiskverkunarhúss.

Lýsing


Um er að ræða grjóthlaðna tóft sem liggur norðvestur-suðaustur og hafa dyr verið á miðri suðvestur hlið.

Hleðslur eru mjög hrundar, mest um

1,3m og þykkt 1m. Um 2m vestan húsanna er grunnur svokallaðs Framhjalls [2064-112].



Mynd 16. Fiskhúsið [2064-115] vestast á Króartanga.



Mynd 17. Yfirlitstekning sem sýnir minjarnar á Króartanga.

Karlskáli 2064-116

Hlutverk: Hjallur, fiskvinnsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á Króartanga, um 5m vestan bakka sem brýtur af ofan fjöruborðs, um 240m suðvestur af bæjarstæðinu og 20m neðan (sunnan) Lambhúsa [2064-114], eru leifar grjóthlaðins hjalls.

Lýsing

Um er að ræða tvo grjóthlaðna veggj um 8m langa og hafa timburpil verið á sitt hvorum skammenda. Hjallurinn hefur verið 2x8m að stærð. Hleðslurnar farnar að hrynja um 1,7m á hæð og 70cm breiðar.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnalýsingur Eiríks Björnssonar (bls. 26) segir: „Á Króartanga var mikil byggð [[...]] Þar niður af voru 3 hús samstandandi, Fremstahús, Miðhús og Yztahús [...] Neðan þessara húsa var gangvegurinn á athafnasvæðið. Þar yzt á bakkanum voru lögð stór tré, og var þar hvolft á bátum, sem ekki voru í brúkun, aðallega frá hausti til vors. Þar rétt fyrir framan var Úthjallur, rétt á sjávarbakkanum. Hann var þannig gerður, að veggir voru óvandlega hlaðnir, svo segja mátti, að vindur stæði þar í gegn, en stafnarnir voru gisnir rimlar.“

Karlskáli 2064-117

Hlutverk: Naust

Tegund: Niðurgröftur, hleðsla

Staðhættir

Í bakka ofan fjöruborðs er niðurgröftur og hrundar hleðslur nausts.

Lýsing

Um er að ræða naust sem hefur verið grafið inn í sjávarbakka en með grjóthlöðnum langveggjum. Tóftin liggur norðaustur-suðvestur en suður helmingur hennar er hrunninn í sjó fram. Hleðslur eru 3-7m langar, nokkuð hrundar, mest 60cm á hæð og 60cm á þykkt.

Karlskáli 2064-118

Sérheiti: Gulahúsið

Hlutverk: Geymsla

Tegund: Grunnur

Staðhættir

Í sléttlendi um 6m ofan sjávarbakka er grjóthlaðinn niðurgrafinn kjallari undan timburhúsi sem kallað var Gulahúsið.

Lýsing

Grunnurinn er niðurgrafinn, 5x5m að stærð. Hleðslur standa nokkuð vel 1,2m á hæð og 80cm á þykkt. Slétt flöt, 4x5m er norðan húsgrunnins.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls.26) segir: „Framar á bakkanum [á Króartanga] stóð voldugasta húsið á tanganum og eina timburhúsið, Gulahúsið. Það var geymsluhús fyrir verkaðan fisk, og á loftinu var geymdur allur matur eða matvara, sem tekin var í stórum skömmum, vegna ferða eða um leið og fiskur var sóttur frá verzluninni [...]“



Mynd 18. Hlaðinn grunnur Gulahússins [2064-118], horft í suðvestur.

Karlskáli 2064-119

Hlutverk: Hákarlagröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Vestarlega á Króartanga ofan fjöruborðs er hringlaga gröf.

Lýsing

Hringlaga niðurgröftur rétt um 80cm á dýpt. Dálitlar brúnir með niðurgreftrinum

Aðrar upplýsingar

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 26) segir: „Fram af Gulahúsi í bakkanum var gryfja fyrir fiskúrgang, sem allur var notaður til áburðar á tún og garða; þar frammar á bakkanum Fiskihús [2064-115] [...]

Vera kann að gröf sú sem Eiríkur segir frá sé nú horfin í sjó fram, en líklegt er að þessi gröf hafi haft sama tilgang.



Mynd 19. Bæjarstæði Kamba, horft í norður.

Karlskáli 2064-120

Sérheiti: Kambar

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Bæjarstæði

Staðhættir

Á sléttri flöt um 30m neðan heimreiðar að Karlskála og 420m vestan Karlskálabæjar eru leifar hjáleigunnar Kamba.

Lýsing

Bæjarstæðið er um 20m langt frá austri til vesturs og 10m frá norðri til suðurs. Húsgrunnur er að hluta niðurgrafinn og grjóthlaðinn en steinsteyptir veggir ofan á. Grjóthleðslur í grunni hrunda, mest um 1,3m á hæð og 1m á breidd. Steyptir veggir að mestu fallnir.


Aðrar upplýsingar

Í Sveitum og jörðum (bls. 94) segir: „Mestur þeirra [tanganna] er kletthöfðinn Kaganes spöl innan við bæ. Þar var samnefnt afbýli og annað í túni, Kambar. Heimildir eru hér ekki um,

hvenær þessi býli byggðust, en a.m.k. Kambar voru grasbýli í sérstakri ábúð og þar jafnan búskapur eftir 1933.“ Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls.24-25) segir: „Nokkurn spöl utan Túnkambsins og grjótagarðsins koma berggangar langleiðina milli fjalls og fjöru [...] en þar fyrir utan byrjar hið ræktaða tún, og er þá komið út á móts við Sandbás. Þar í túnjaðrinum stendur býlið Kambar, nokkrum föðum utan við Yzta klettinn og álíka langt frá reiðgötunni. Fyrstur byggði þar Gunnlaugur Björgólfsson um aldamótin, mun hafa búið þar fram undir 1909 [...] Eftir honum var býlið nefnt Gunnlaugshús eða bara Húsið. Næstur byggði þar upp Þorleifur Stefánsson. Þá hét það fyrst Þorleifshús, en heyrðist þó nefnt Kambar. Næstur honum bjó þar Gísli Daníelsson, og var þá aldrei nefnt annað en Kambar.“

Kambar byggðust upp 1933 og teljast leifar bæjarins því ekki fornleifar skv. laganna hljóðan þegar skráningin fór fram.

Karlskáli 2064-121



Mynd 20. Yfirlitstekning sem sýnir minjar á bæjarstæði Kamba og leifar sjóhúsa og annarra útgerðarminja frá bænum.

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Ferkantaður reitur afmarkaður með lágu garðlagi vestan íbúðarhúsa á Kambi. Reiturinn er 4x5m að stærð og garðlagið sem umlykur um 20cm á hæð og 30cm þykk, hefur legið undir vírgirðingu.

Karlskáli 2064-122

Hlutverk: Óþekkt, kofi

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóft af litlum kofa er um 10m neðan (sunnan) bæjarhúsaleifa í Kambi

Lýsing

Veggir tóftar eru mjög grónir og óverulegir, um 20cm á hæð og 40cm á þykkt. Tóftin er 3x4m að utanmáli og hafa dyr verið í vestur.

Karlskáli 2064-123

Hlutverk: Óþekkt, kofi

Tegund: Þúst

Staðhættir

Um 7m austan við leifar Kambabæjarins eru leifar mannvirkis.

Lýsing

Ferköntuð þúst sem ekki hefur glögg veggjalög en virðist augljóslega vera mannvirki. Þústin er 2x4m að utanmáli, liggur norðaustur-suðvestur og er um 2cm á hæð.

Karlskáli 2064-124

Hlutverk: Súrheysgryfja, rétt

Tegund: Hleðsla, steinsteypa

Staðhættir

Steinsteypdur sexhyrndur súrheysturn og hleðsla upp við hann eru 20m norðvestan bæjarhúsa á Kömbum

Lýsing

Súrheysturninn stendur skammt frá jarðföstum kletti og er vegghleðsla milli kletts og turns. Hleðsla er svo til suðurs frá turninum og myndar aðhald milli klettsins og turnsins, um 3x3m að stærð. Hlið hefur verið í suður. Hæð vegghleðslna er 50cm og þykkt 60cm.



Mynd 21. Leifar steyptrar súrheysgryfju [2064-124] og hlaðinnar réttar upp við hana.

Karlskáli 2064-125

Hlutverk: Rétt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Um 25m beint vestur af bæjarhúsarústum Kamba eru leifar af rétt.

Lýsing

Réttin er vestan undir kletti og reist upp við hann. Veggir hafa verið hlaðnir á milli stórra náttúrusteina til að mynda aðhald um 4x5m að stærð. Hæð hleðslna er 60cm og þykkt 70cm.

Karlskáli 2064-126

Hlutverk: Vörslugarður, túngarður?

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Hlaðinn grjótgarður frá fjöru upp í brekkur liggur um 150m vestan Kambabæjarins og liggur heimreiðin í gegnum hann.

Lýsing

Þar sem garðurinn liggur neðan úr brekkum niður að heimreið, sést hann á 120m löngum kafla. Neðan heimreiðar er garðurinn stopulli, sumstaðar hlaðinn ofan á klettum og milli kletta en nokkuð heillegur 80m langur kafli er þaðan sem klettum sleppir og niður á sjávarbakka. Hleðslan er hæst 1,5m og garðurinn er um 1m á þykkt.

Aðrar upplýsingar

Fjárhús- og hlöðutóft [2064-127] er skammt austan garðsins ofan til, fjárhús frá Kömbum.

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 23-24) segir: Við enda Túnkambsins sem er rétt fyrir utan og ofan Þúfukamb „[...] voru hlaðnir grjótgarðar; að neðan náði sá garður niður á sjávarhamra. Þar var á hlið, og var hægt að fara um það með heyband. Frá efri enda Túnkambsins var hlaðinn grjótgarður upp að brekku að Lambakambi, sem stóð þar framan í (úr) brekkunni allt upp á brún. Þarna var stórgripaheld girðing, að miklu leyti gerð af náttúrunni, því túnkamburinn var bæði langur og breiður og á hæð við Þúfukamb [...] [Á] efri grjótgarðinum var völdugt hlið úr tilhöggnum viðarstólpum, og yfir því og milli hliðarstólpanna jafnþykkt og vel gert milliband.“

Karlskáli 2064-127

Hlutverk: Fjárhús, hlaða

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 5m austan við vörslugarðinn [2064-126] vestan Kamba og 100m upp af heimreið er tóft fjárhúss og hlöðu.

Lýsing

Tóftin liggur norður suður og hefur timburþil skilið að fjárhús og hlöðu. Þil hefur einnig verið til suðurs. Tóftin er að utanmáli 6x13m en fjárhúsin framan (sunnan) til eru 5x5m að innanmáli en hlaðan 4x5m. Hleðslur vel grónar og nokkuð farnar að hrynja, mest 1m á hæð og 1m á breidd.



Mynd 22. Fjárhús og hlöðutóft [2064-127] ofan bæjarstæðis Kamba.

Karlskáli 2064-128**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Lágar hleðslur sem mynda tóft milli kletta um 60m suðvestan bæjartófta Kamba.

Lýsing

Vegghleðslur eru mjög óverulegar, um 30cm á hæð og 40cm á þykkt. Mögulega leikstaður barna



Mynd 23. Leifar sjóhúsa og aðrar útgerðarminjar neðan bæjar á Kömbum, sunnan við svokallaðan Sandbáskamb.

Karlskáli 2064-129**Hlutverk:** Sjóhús**Tegund:** Tóft, hleðsla**Hættumat:** Mikil hættu vegna sjávargangs**Staðhættir**

Tóftir sjóhúsa liggja frammi á sjávarbakka ofan (norðan) Sandbáss, 80m suðvestur og niður af bæjarstæði Kamba.

Lýsing

Tóftin er niðurgráfin í í sjávarbakkann og grjóthlaðin að innanverðu. Hleðslur eru á þrjá vegu vel varðveittar nema hvað sjór hefur brotið úr hleðslu í suðvestur horni og óvíst er hvort hleðslur kunni einnig að hafa verið í austurvegg húss, en horfið í sjó. Hleðslur eru hæstar um 1,3m og 1m á þykkt. Eldri og grónari hleðslur áfastar tóftinni austan til, e.t.v. af eldri sjóhúsum.

Aðrar upplýsingar

Heimildarmaður, Guðmundur Stefánsson, segir þarna hafa verið sjóhús frá Kömbum og hjólbörugata niður í fjöruna. Nú er mikið brotið framan af bökkunum og gatan horfin.

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 6) segir: „Innan undir og í skjóli við kambinn [Sandbáskamb] var næst honum sandfjara og lengra frá malarfjara. Þarna heitir Sandbás. Þar

var uppsátur og þótti góð lending, en stutt var upp í háa klettana, en þá lagði náttúran til það breiða rák úr fjörunni á ská upp á bakkann, að þar mátti bjarga minni bát undan brimi. En á bakkanum var fiskhús.“

Karlskáli 2064-130

Hlutverk: Fiskverkun

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Grunnur lagður einföldu grjótlagi er um 2m ofan sjóhúsa [2064-129] við Sandbás.

Lýsing

Einföld grjóthleðsla undan grunni, e.t.v. undan hjalli. Grunnurinn er 6x7m að stærð en stærð eilítið óljós þar sem nyrðri hluti grunnsins var horfinn í gróður.

Aðrar upplýsingar

Heimildarmaður, Guðmundur Stefánsson, segir þarna hafa verið fiskreit til að þurrka fisk.

Karlskáli 2064-131

Hlutverk: Óþekkt, hjallur, fiskverkun

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Á sléttri flöt ofan kletta, um 30m norðaustur af sjóhúsum við Sandbás er grjóthlaðinn ferkantaður flötur.

Lýsing

Einföld grjóthleðsla, e.t.v. grunnur undan hjalli eða flati til að breiða fisk. Grunnurinn er 5x6m að stærð.

Aðrar upplýsingar

Heimildarmaður, Guðmundur Stefánsson, segir þarna hafa verið fiskreit til að þurrka fisk.

Karlskáli 2064-132

Hlutverk: Óþekkt, kofi

Tegund: Tóft

Staðhættir

Vestan undir klettum ofan Sandbáss, um 20m norðaustan sjóhúsa [2064-129] eru leifar smákofa.

Lýsing

Lítil tóft hlaðin vestan undir klett og myndar kletturinn austur hlið kofans. Dyr hafa verið í suður. Kofinn hefur verið um 2x2m að stærð, veggheðslur um 30cm á hæð og 40cm á þykkt.

Karlskáli 2064-133

Hlutverk: Óþekkt, fiskvinnsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Óglögg tóft er um 2m ofan við leifar hjalls [2064-130].

Lýsing

Ógreinileg hleðsla eru upp við brekku og hefur brekkan myndað norður langvegg. Veggir eru óglöggir en þetta virðist tóft, sem snýr austur vestur, um 4x6m að utanmáli. Vegg hæð er um 20cm og veggþykkt 60cm.

Karlskáli 2064-134

Hlutverk: Óþekkt, hákarlagröf?

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Frammi á bakka ofan fjöruborðs 3m innan við sjóhúss við Sandbás.

Lýsing

Um er að ræða niðurgröft, um 4x5m að stærð með rennu út í bakkann Mögulega hákarlagröf eða gröf undir fiskslóg.

Karlskáli 2064-135

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Neðst í brekku fast austan Kambslækjar, ofan heimreiðar er líkt og hleðsla undan vegg.

Lýsing

Einföld grjóthleðsla afmarkar ferkantaðan reit, en virðist ekki tóft.

Aðrar upplýsingar

Heimildarmaður Guðmundur Stefánsson kannaðist ekki við þessa hleðslu.

Karlskáli 2064-136

Hlutverk: Matjurtagarðar

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Uppi við brekku vestast í túni 300m norðvestur af bæjarstæðinu og á austurbakka Kambslækjar eru nokkuð umfangsmiklir matjurtaðgarðar.

Lýsing

Nokkur garðlög mynda matjurtagarða upp við vestasta

hluta túngarðs sem skiptast niður í nokkur hólf. Alls 30x50m að stærð. Veggir, sérstaklega austan til eru viðameiri, allt að 1,2m á hæð og 1m á þykkt. Aðrir veggir veigaminni og kunna að hafa verið undan vírgirðingum.



Mynd 24. Horft til suðurs, leifar af hleðslum matjurtagarða [2064-136] eru vinstra megin við lækinn.

Karlskáli 2064-137


Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Lítill tóft er um 7m sunnan heimreiðar um 120m vestur af grjóttgarði

Lýsing



Mynd 25. Yfirlitsteikning af minjum ofan við Löngufjörubakka, innan Kaganess.

Óvíst er hvaða hlutverki þessi tóft hefur þjónað. Hún er 2x2m að utanmáli, veggir um 30cm háir og 40cm breiðir. Dyr hafa vitað í norðaustur.

Karlskáli 2064-138

Hlutverk: Fjárhús, hlaða

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tvískipt tóft liggur á vesturbakka smálækjar í móa um 200m norðaustan Kaganess

Lýsing

Tóftin er mjög þýfð, ekki sést í hleðslur og veggir óljósir en tóftin virðist tvískipt. Hún snýr nánast norður-suður er 4x10m að utanmáli og hafa dyr verið til suðurs. Nyrðra hólfið í tóftinni er 2x2m að innanmáli og ytra hólfið 3x4m að innanmáli. Veggir eru hæstir um 40cm og þykkt um 1m.

Aðrar upplýsingar

Tóftin líkist einna helst klassískum fjárhúsum með hlöðu aftan við en heimildarmaður Guðmundur Stefánsson kannaðist ekki við tóftina.

Karlskáli 2064-139

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóft af fjárhúsum er uppi við klett um 200m norðaustan túngarðs á Kaganesi.

Lýsing

Fjárhústóftin er hlaðin upp við klettavegg þannig að kletturinn myndar norðvestur skammhlið tóftar. Tóftin sjálf snýr norðvestur-suðaustur og hefur timburþil verið í suðausturs. Að innanmáli eru hún 3x11m. Hleðslur standa nokkuð vel en þó farnar að hrynja, alls 1,2m á hæð og um 1m á breidd.

Aðrar upplýsingar

Smá kofatóft [2064-148] er uppi við klettinn fast norðan tóftarinnar.



Mynd 26. Fremst á mynd eru leifar smalatóftar [2064-148], en ofan hennar eru hlaðnar leifar fjárhúsa [2064-139]. Fjær á mynd má sjá leifar hringlaðinnar réttar [2064-144].

Karlskáli 2064-140

Hlutverk: Túngarður

Tegund: garðlag

Staðhættir

Túngarður liggur í boga milli sjávarbakka þvert yfir Kaganes.

Lýsing




Mynd 27. Hort til suðsuðvesturs yfir bæjarstæði Kaganess.

Alls er garðurinn um 330m langur. Hleðslan stendur vel á pörtum en er annars nokkuð hrúðin, mest 60cm á hæð og um 1m á breidd. Hlið er á garðinum 45m norðan og ofan bæjartófta [2064-141] í Kaganesi. Niður frá hliðinu vestan þess liggur hleðsla á um 12m löngum kafla til suðurs.

Aðrar upplýsingar

Heimildarmaður, Guðmundur Stefánsson, segir garðinn hafa verið hlaðinn af manni, sem hét Sæmundur úr steinum sem komu úr túninu.

Garðurinn er sýndur á túnakorti Kaganess.



Mynd 28. Yfirlitstekning af minjum á Kaganesi.

Karlskáli 2064-141

Sérheiti: Kaganes

Hlutverk: Híbýli, fjós

Tegund: Steinsteypa, hleðsla

Staðhættir

Grunnur húss liggur á austurbakka gils innan túngarðs á Kaganesi

Lýsing

Grunnurinn er að hluta grjóthlaðinn og að hluta steypdur og afmarkar tvö herbergi. Veggir steypdir með grófri mól, en norður veggur alveg grjóthlaðinn. Hleðslan þar er um 1,8m á hæð og 30cm á þykkt. Húsið hefur verið 6x7m að utanmáli.

Aðrar upplýsingar

Heimildarmaður, Guðmundur Stefánsson, segir norðurhluta hússins hafa verið fjós.

Í Sveitum og jörðum (3. bindi, bls. 94) segir: „Mestur þeirra [tanganna] er kletthöfðinn Kaganes spöl innan við bæ. Þar var samnefnt afbýli og annað í túni, Kambar. Heimildir eru hér ekki um, hvenær þessi býli byggðust, en a.m.k. Kambar voru grasbýli í sérstakri ábúð og þar jafnan búskapur eftir 1933.“ Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 22) segir: „Utan við lágina [Kaganeslág] ofan til á nesinu [Kaganesi] var byggt nýbýli eftir aldamótin. Það byggði Þorleifur Stefánsson (fyrir 1906). Næstur honum kom Jónas Þorleifsson, sem var þar mjög

stutt, þá Sæmundur Þorvaldsson [...]“ Jarðarinnar er getið í manntölum 1910 og 1920, en ekki er vitað hvenær byggð lagðist þar af en þó hefur það líklega verið fyrir 1930.



Mynd 29. Tóftir á bæjarstæði Kaganess. Steypti grunnurinn vinstra megin á mynd eru leifar íbúðarhúss og fjóss [2064-141] (vinstri grunnurinn). Fyrir miðri mynd eru leifar útihúss [2064-142] eða sjóhúss og hægra megin á mynd eru leifar hjalls [2064-142].

Karlskáli 2064-142

Hlutverk: Óþekkt, sjóhús, útihús?

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Grjóthlaðinn tóftagrunnur er 13m sunnan bæjartóftar [2064-141] á Kaganesi.

Lýsing

Grjóthleðsla í tóftinni stendur enn ágætlega en nokkuð hrúðin, um 1,3m á hæð og 80cm á þykkt. Tóftin er 4x7m að utanmáli og dyr hafa verið vestast á suður langvegg.

Karlskáli 2064-143

Hlutverk: Hjallur

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Tveir samsíða grjótveggir eru 30m suður af tóft íbúðarhúss í Kaganesi.

Lýsing

Grjóthleðslurnar liggja austur-vestur. Þær eru 6m langar en mjög hrundar, mest 60cm á hæð og 1,5m á breidd. Timburþil hefur verið á vestur og austurskammveggjum. Hjallurinn hefur verið 2x6m að innanmáli.

Karlskáli 2064-144

Hlutverk: Rétt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Hringlaga rétt liggur í grösugum móa um 170m norðaustan túngarðs á Kaganesi, ofan Löngufjörubakka.

Lýsing

Réttin er nánast hringlaga, 6x7m að innanmáli, hlaðin upp við stóran náttúrustein. Minna hólf afmarkað með lágum vegg austan tóftarinnar er um 3x4m að stærð. Hleðslur standa enn mjög vel, allt að 1,7m háar og 1m á þykkt.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 23)segir: „Á Löngufjörubökkum og upp með Stórakambi og utan hans var afgirt tún. Þar á sléttri grund nokkru ofan bakkans var stór hringmynduð fjárrétt, mjög vel hlaðin, vel mannhæð á hæð; þar voru sauðir geymdir yfir nóttina, þegar verja þurfti þeim fjöruna og í veðuraftökum.“

Karlskáli 2064-145

Hlutverk: Sjóhús

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta vegna sjávargangs.

Staðhættir

Fjórar sjóhústóftir liggja í röð á sjávarbakka um 170km suðaustur af bæjarstæði Kaganess. Austust þessara tófta er að mestu hrúnin fyrir sjávarbakka.

Lýsing

Húsið hefur verið grafið inn í bakkann. Norðurendi tóftar enn eftir inni í bakkanum, um 6m langur veggkafli en suðurhluti horfinn. Hleðslur eru mjög hrundar, 70cm þar sem þær eru hæstar og 50cm á þykkt.

Aðrar upplýsingar

Heimildarmaður, Guðmundur Stefánsson, segir Færeyinga hafa gert þarna út á milli 1920-30. Sumar tóftanna eru þó líklega eldri.

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls.4): „Þar hallar klöppinni [nafnlaus] einnig út í sjóinn, og smá lækkar því nesið [Kaganes] einnig út í fjörðinn (í suður), en klöppinni hallar allri í suðvestur [...] Innan við klöppina er malarfjara, og var þar uppsátur fyrir 2-3 báta; innan fjörunnar er klöpp og gengur lítið eitt út í sjó, og er af þeirri klöpp nokkurt var. Sjóhús var uppi í bakkanum og nokkrar gamlar rústir.“

Karlskáli 2064-146

Hlutverk: Sjóhús

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta vegna sjávargangs

Staðhættir

Fjórar sjóhústóftir liggja í röð á sjávarbakka um 170km suðaustur af bæjarstæði Kaganess. Vestasta tóftin er grjóthlaðinn grunnur sjóhúss.

Lýsing

Grunnurinn liggur norður-suður og er skipt með vegg, hleðslur standa ágætlega, en suður hluti húss er hrúinn í sjó fram. Hann er um 4x7m að innanmáli en vegghleðslur eru hæstar um 2m og þykkt 50cm.

Aðrar upplýsingar

Heimildarmaður, Guðmundur Stefánsson, segir Færeyinga hafa gert þarna út á milli 1920-30. Hér gæti verið um að ræða hús frá þeim tíma en aðrar tóftir gætu verið eldri.

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls.4): „Þar hallar klöppinni [nafnlaus] einnig út í sjóinn, og smá

lækkar því nesið [Kaganes] einnig út í fjörðinn (í suður), en klöppinni hallar allri í suðvestur [...] Innan við klöppina er malarfjara, og var þar uppsátur fyrir 2-3 báta; innan fjörunnar er klöpp og gengur lítið eitt út í sjó, og er af þeirri klöpp nokkurt var. Sjóhús var uppi í bakkanum og nokkrar gamlar rústir.“



Mynd 30. Hlaðin sjóhústóft [2064-146] sem er að hluta hrúinn í sjó fram, vestasta tóftin syðst á Kaganesi.

Karlskáli 2064-147

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta vegna sjávargangs

Staðhættir

Fjórar sjóhústóftir liggja í röð á sjávarbakka um 170km suðaustur af bæjarstæði Kaganess. Önnur tóftin frá austri er heillegust tóftanna.

Lýsing

Tóftin snýr austur vestur og er algróin er liggur um 2m m frá sjávarbakka sem brýtur af Hún virðist tvískipt og hefur inngangur verið til suðurs.

Tóftin er 5x7m að utanmáli og veggir eru hæstir 40cm og 60cm á þykkt.

Aðrar upplýsingar

Heimildarmaður, Guðmundur Stefánsson, segir Færeyinga hafa gert þarna út á milli 1920-30. Sumar tóftanna eru þó líklega eldri.

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls.4): „Innan við klöppina er malarfjara, og var þar uppsátur fyrir 2-3 báta; innan fjörunnar er klöpp og gengur lítið eitt út í sjó, og er af þeirri klöpp nokkurt var. Sjóhús var uppi í bakkanum og nokkrar gamlar rústir.“



Mynd 31. Gróin sjóhústóft [2064-147] syðst á Kaganesi.

Karlskáli 2064-107**Hlutverk:** Sjóhús**Tegund:** Tóft**Hættumat:** Mikil hætta vegna sjávargangs**Staðhættir**

Fjórar sjóhústóftir liggja á sjávarbakka um 170km suðaustur af bæjarstæði Kaganess. Önnur tóftin frá vestri er að mestu hrunin fyrir sjávarbakka.

Lýsing

Einungis vestasti veggur hússins sést í bakkanum, um 4m á breidd og 2m á lengd. Hleðslan er illa farin, mest 50cm á hæð og 50cm á breidd. Húsið hefur verið grafið inn í bakkann vestan til en austur hluti er horfinn.

Aðrar upplýsingar

Heimildarmaður, Guðmundur Stefánsson, segir Færeyinga hafa gert þarna út á milli 1920-30. Sumar tóftanna eru þó líklega eldri.

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls.4): „Innan við klöppina er malarfjara, og var þar uppsátur fyrir 2-3 báta; innan fjörunnar er klöpp og gengur lítið eitt út í sjó, og er af þeirri klöpp nokkurt var. Sjóhús var uppi í bakkanum og nokkrar gamlar rústir.“

Karlskáli 2064-148**Hlutverk:** Smalakofi**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Í móa 180m norðaustan Kaganess og fast ofan fjárhústóftar [2061-139] er smákofi uppi við klett.

Lýsing

Tóft mjög gróin, 3x5m að utanmáli. Dyr hafa vitað til suðurs. Veggir eru mestir um 30cm á hæð og 50cm á þykkt.

Aðrar upplýsingar

Líklega kofi fyrir smala.

Karlskáli 2064-149**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Hleðsla, steinlögn**Staðhættir**

Um 107m vestur af túnarðsenda á Kaganesi er þúst.

Lýsing

Dálíti grjóthrúga en nokkuð óljóst vegna gróðurs, um 3x3m að stærð. Mögulega hrunin varða en líkist líka uppblásnu kumli. Þústin er um 30cm há.

Karlskáli 2064-150**Hlutverk:****Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Smá kofapúst í móa ofan sjávarbakka milli Kaganess [2064-141] og vörslugarðs utan Kamba [2064-126].

Lýsing

Ferköntuð upphækkun en gróin og veggjalög ógreinileg, um 2x2m að utanmáli. Veggir um 10cm á hæð og 30cm þykkir, dyr ekki greinanlegar. Mögulega leifar smalakofa.

Karlskáli 2064-151

Hlutverk: Gata

Tegund: Samgöngubót

Staðhættir

Gata liggur frá hliði á norðaustur horni túngarðs á Karlskála, út hliðina við brekkurætur í átt að Stekkanesi

Lýsing

Tvennar götur liggja frá bæ frá Karlskálátúni, önnur í brekkurótum, hin úti við sjó

Karlskáli 2064-152

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tvær smátóftir neðst í grösugri hlið, fast ofan götu ofan sjávarbakka um 120 utan (austan) við túngarð á Karlskála.

Lýsing

Vestari tóftin. óleggri og horfin í gróður. Hún er um 2x3m að utanmáli, snýr austur-vestur en engar dyr augljósar. Veggir eru hæstir 20cm og 30cm þykkir

Karlskáli 2064-153

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tvær smátóftir neðst í grösugri hlið, fast ofan götu ofan sjávarbakka.

Lýsing

Austari tóftin er stærri, 4x4m að utanmáli, Veggir eru vel greinanlegir en óverulegir, rétt um 30cm á hæð og 40cm á þykkt.

Karlskáli 2064-154

Hlutverk: Sjóhús, hífýli

Tegund: Tóft

Staðhættir

Sjóhústóft liggur frammi á sjávarbakka 400m austur af túni á Karlskála.

Lýsing



Mynd 32. Leifar sjóhúss [2064-154] á tanga ofan fjöru. Húsið er að hluta horfið í sjó fram. Horft í austur.

Tóftin er tvískipt, alls 10m löng og 4m breið. Hleðslur eru hrundar og suðurhluti hússins er horfinn vegna ágangs sjávar. Veggir eru hæstir 50cm og 50cm á þykkt.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 9) segir: „Utan á Eyðisfjöru er klöpp, og er grandinn út í Eyði áframhald af þeirri klöpp, sem gengur lengra inn í landið og verður þar hærri. Þar er fjara utan við, er heitir Sandbás ytri og er þó mikið stærri en Eyðisfjaran. Danskur maður að nafni Sören Sørensen fann upp á því einhvern tíma um 1920 að gera þarna út og setti þá bátinn í Sandbásinn, en byggði sjóhús í bakkann í Eyðisfjöru og hélt til með konu og barni heima í bæ. En með því að honum var þungur fótur, gerði hann íbúðarhús úr sjóhúsinu og fór það vel úr hendi, en ekki þótti þetta vistlegur staður, sízt fyrir börn.“

Heimildarmaður, Guðmundur Stefánsson, segir Sören hafa verið norskan mann, ekki danskan.

Karlskáli 2064-155

Hlutverk: Óþekkt, kofi


Tegund: Tóft

Staðhættir

Kofatóft er fremst á klettasnös, 5m austan við sjóhús [2064-154].

Lýsing

Tóftin er algróin, 2x4m að utamáli og engar dyr sýnilegar. Hún liggur austur-vestur og veggir óverulegir, um 30cm á hæð og 30cm á breidd.



Mynd 33. Yfirlitstekning af sjóhúsum [2064-154] og kofa [2064-155].

Karlskáli 2064-156

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft



Mynd 34. Horft til vesturs yfir beitarhús og rétt vestast á Stekkatanga. Beitarhúsatóftin [2064-156] sést ofan sjávarbakka neðan klettanna en réttin [2064-158] er ofan á klettunum sem mynduðu austurvegg hennar.

Staðhættir

Fjárhús- og hlöðutóft er austan kletta vestast á Stekkatanga, um 740m austur af túni á Karlskála.

Lýsing

Um er að ræða tvístæð hús 11x12m að utanmáli. Húsin snúa norðaustur-suðvestur. Vestara húsið er um 3x8m að utanmáli og hefur timburþil verið til suðvesturs. Austara húsið er 3x9m og hafa dyr verið til suðvesturs. Hleðslur eru enn nokkuð stæðilegar, en farnar að hrynja, mesta vegg hæð er 1,5m og veggþykkt 1m. Bárujárn og timbur er í tóftinni.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls.35) segir: „Stekkjahrauni svipaði til Stórakambs í Kömbum, en var hærri og var endi hans niðri á bakka Stekkjarbássins svo naumt, að fara varð einstigi út á Stekkatúnið. Þar stóð Fjárhús og hlaða rétt ofan sjávarbakkans. Framan við eða vestan hússins var fjárrétt.“ Í Sveitum og jörðum (3. bindi, bls. 94) segir: „Stekkatangi er út af bæ. Þar voru beitarhús og útróðrastaður Færeyinga á sinni tíð.“

Heimildarmaður, Guðmundur Stefánsson, segir húsin hafa tekið 60 kindur og að hlaða úr timbri hafi staðið ofan húsanna en að hún sé horfin.

Karlskáli 2064-157

Hlutverk: Óþekkt, kofi


Tegund: Þúst

Staðhættir

Kofaþúst er 9m vestur af beitarhúsum [2064-156] á Stekkatanga

Lýsing

Veggir mjög óglöggir og tóftin sést einungis sem þúst, um 3x3m að utanmáli og 30cm á hæð. Engar dyr sýnilegar.



Mynd 35. Yfirlitsteikning sem sýnir minjar á Stekkatanga.

Karlskáli 2064-158

Hlutverk: Rétt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Grjóthlaðin rétt liggur efst á Stekkjarhrauni ofan beitarhúsa [2064-156].

Lýsing

Grjóthlaðinn garður er á þrjá vegu en kletturinn myndar austur hlið réttarinnar. Garðlagið er um 40m langt og afmarkar 8x25m stórt svæði. Lítill kofi, líklega smalakofi er upp við vestur hlið réttarinnar, um 1,5x1,5m að innanmáli. Hleðslur nokkuð hrundar, um 60cm þar sem þær eru hæstar og um 60cm á breidd.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls.35) segir: „Stekkjahrauni svipaði til Stórakambs í Kömbum, en var hærri og var endi hans niðri á bakka Stekkjarbássins svo naumt, að fara varð einstigi út á Stekkatúnið. Þar stóð Fjárhús og hlaða [2064-156] rétt ofan sjávarbakkans. Framan við eða vestan hússins var fjárrétt.“

Heimildarmaður, Guðmundur Stefánsson, telur réttina á Stekkatanga kunna að vera fyrirennara réttarinnar á Króartanga.

Karlskáli 2064-159

Hlutverk: Óþekkt, naust?

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Mögulegt naust grafið inn í sjávarbakka um 20m sunnan beitarhúsatóftar.

Lýsing

Niðurgrofturinn er um 4x5m að stærð. Dýpt um 70cm.

Aðrar upplýsingar

Í Sveitum og jörðum (3. bindi, bls. 94) segir að naust hafi verið í Króartangabás.

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls.6-7) segir: „[...] innan tangans er allstór og góð fjara undir lækkandi sjávarhömrnum og heitir þar Króartangabás. Innan að honum gengur fram í sjó klöpp eða tangi og skýlir lendingunni í vestanátt. Þarna var hægt að setja upp marga báta hlið við hlið.“

Karlskáli 2064-160

Hlutverk: Sjóhús

Tegund: Grunnur

Staðhættir

Grjóthlaðinn kjallaragrunnur sjóhúss er vestanvert á Stekkatanga.

Lýsing

Hleðslur eru greinanlegar á þrjá vegu en mjög hrundar. Tóftin er 5x8m að innanmáli. Vesturveggur ógreinilegri en steinar virðast hafa verið teknir úr veggnum og eru að hluta í óreglulegri hrúgu við



Mynd 36. Leifar grjóthlaðins grunns sjóhúsa [2064-160] fremst á Stekkatanga. Horft í austur.

suðvestur horn grunnsins. Hleðslur nokkuð hrundar, mest 70cm á hæð og 1m á þykkt.

Aðrar upplýsingar

Í Sveitum og jörðum (3. bindi, bls. 94) kemur fram að beitarhús og útróðrastaður Færeyinga hafi verið á Stekkjartanga, sem aftur er út af bænum og að þar hafi stórt sjóhús staðið, tvær hæðir og kjallari. Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar: (bls.10) „Frá Sandbás er nafnlaus fjara og klappir út að Stekkjabás fyrir neðan Stekkjahraun, en Stekkjatangi er snertispöl utar [...] Sjóhúsið var á tveim hæðum og allstórt. Á efri hæðinni var íbúð sjómanna, sem oft var áhöfn tveggja báta. Þarna höfðu Færeyingar uppsátur, frá því ég fyrst man eftir mér og þar til þeir hættu að koma um 1914.“

Karlskáli 2064-161

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft, garðlag

Staðhættir

Stekkjartóft og garðlag eru á miðju Stekkanesi.

Lýsing

Hleðslur eru mjög vallgrónar en grjótt sést á stöku stað í hleðslu. Tvískipt klassísk stekkjartóft, 4x7m að utanmáli. Tóftin liggur norður-suður og er lambakróin í norður um 2x2m að innanmáli en réttin sunnan við 2x3m að innanmáli, innangengt á milli. Dyr hafa verið í suður. Vegg hæð er mest 60cm og veggþykkt 80cm. Tóftin stendur á eldri tóftum og gæti verið að hún liggi á eldri stekkjartóftum. Austan tóftarinnar er vegggleðsla í boga sem afmarkar rétt sem er 6x8m með hlið til suðurs. Óvíst hvort hún hefur tilheyrt stekknunum eða er hluti eldi tófta undir.



Mynd 37. Stekkjartóftir á Stekkatanga. Horft í norðvestur.

Karlskáli 2064-162

Hlutverk: Mókofi, hlóðir

Tegund: Tóft

Staðhættir

10m norðvestan stekkjara á Stekkatanga er mótóft sem í er hlaðinn niðurgroftur.

Lýsing

Tóftin liggur austur-vestur og er 5x6m að utanmáli, dyr ekki sýnilegar. Veggir eru hestir um 20cm og um 50cm á þykkt. Í miðri tóft er ferkantaður niðurgroftur, 1,5x2m að stærð og 50 á dýpt, með grjóthlöðnum hliðum. Þessi niðurgroftur virðist ekki tilheyra upprunalegu tóftinni.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls.4): „Frá Sandbás er nafnlaus fjara og klappir út að Stekkjabás fyrir neðan Stekkjahraun, en Stekkjatangi er snertispöl utar [...] Þarna höfðu Færeyingar uppsátur, frá því ég fyrst man eftir mér og þar til þeir hættu að koma um 1914. Nokkru ofar var uppistandandi tóft eftir svarðarkofa; þar reftu Færeyingar yfir að hluta og elduðu á hlóðum.“

Karlskáli 2064-163

Hlutverk: Vörslugarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Grjóthlaðinn vörslugarður er yst í haga við Stekkatún, ofan Stekkatanga.

Lýsing

Garðurinn liggur upp og niður brekku og er sýnilegur á um 70m löngum kafla. Hleðslan er enn glögg en mjög hrunin, mest um 70cm á hæð og 1,5m á þykkt. Hlið er á garðinum og liggur þar um gatan [2064-151] frá Karlskála og út að Krossanesi.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls.35) segir: „Rétt fyrir utan lækjarsytruna [sem rennur úr skurði inn á túnið og fram af klettum, líklega stutt frá Fúlurvík] var hlaðinn torfgarður til varnar túninu utan frá. Heita mátti, að túnið væri allt afgirt.“

Karlskáli 2064-164

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Þúst

Staðhættir

Aflöng þúst ofan fjöru um 200m innan við Stekkatanga

Lýsing

Aflöng þúst, liggur norður suður 2x3m að utanmáli, engar dyr greinanlegar. Veggir óverulegir en hæð þústarinnar er um 40cm.

Karlskáli 2064-165

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóft liggur í grösugum móa í svokallaðri Þrætutungu milli Flesjaránna. Samkvæmt landamerkjalyýsingu í örnefnaskrá Eiríks Björnssonar (bls. 2) liggur tóftin í landi Karlskála.

Lýsing

Tóftin er algróin og fornleg, hún er 6x7m að innanmáli og hefur hlið vitað til suðurs. Veggir eru 70cm og 1m á breidd.



Mynd 38. Leifar rétta [2064-165]r á svokallaðri Þrætutungu milli Flesjaránna.



Mynd 39. Hestaréttin [2064-166] á áföst utan við norðaustur horn túngarðsins [2064-100].

Karlskáli 2064-166

Hlutverk: Hestarétt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Réttin er um 4x5m að innanmáli og dyr vita í suður. Hún liggur utan túngarðs sem myndar vesturlangvegg hennar.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 33) segir: „Frá Ræsinu lá reiðgatan út hjá rústunum af sumarfjósi [2064-98] og

þaðan upp Traðir [2064-99], sem fyrr meir voru afgirtar, og upp að Hestarétt uppi undir brekkunni.“ „Frá Hestarétt var og grjótgarður allt niður á sjávarbakka. Á þeim garði var breitt hlið við réttina, og þar var farið um með heyband.“

Karlskáli 2064-185

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Samgöngubót

Staðhættir

Heimreið að bænum liggur til vesturs frá brú á bæjarlæk, inn túnið og inn að Flesjará.

Aðrar upplýsingar

Í Sveitum og jörðum (3. bindi, bls. 94): „Snemma gerður kerruvegur.“ Ekki sagt hvar vegurinn er en líklegt að það sé heimreiðin og vegurinn til Eskifjarðar.

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 31) segir: „Utan við Króartanga, á að gizka upp af Bæjarfjöru miðri, er berggangur um mitt tún í átt frá sjó til fjalls og heitir Hraun [...] Reiðgatan lá yfir það mitt, og varð þar að fara yfir klöpp, og illfært með kerru.“

Karlskáli 2064-186

Sérheiti: Króartangabás

Hlutverk: Lending, uppsátur

Tegund: Heimild

Lýsing

Engin ummerki um uppsátur fundust við skráningu 2019.

Aðrar upplýsingar

Í Sveitum og jörðum (3. bindi, bls. 94) segir: Aðallending var á Tanga eða Króartanga, fram og niður af bæ. „Lendingarnar eru aðeins afdrep og engin örugg fyrir brimróti [...]“ Í Örnefnalýsingu Stefáns Einarssonar (bls. 1) segir að besta höfnin hafi verið innan við Króartangann og sett upp með tanganum. Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 6) segir: „Þannig háttaði til allt út að Króartanga, en þar var aðalathafnasvæði við sjóinn. Tanginn er breiður, en gengur ekki langt í sjó út. Út af honum ganga klappir og flúðir alllangt út í sjó, sem flæðir þó yfir, en [...] innan tangans er bezta höfnin á Karlskála [...]“

Karlskáli 2064-187

Sérheiti: Stekkatangi

Hlutverk: Uppsátur

Tegund: Heimild

Lýsing

Engar hleðslur eða annað fannst við skráningu 2019, hnit er tekið sunnan til á nesinu, um 10m suður af sjóhúsinu [2064-160] þar sem hægt er að leggja skipum upp að klöppinni.

Aðrar upplýsingar

Í Sveitum og jörðum (3. bindi, bls. 94) kemur fram að beitarhús og útróðrastaður Færeyinga hafi verið á Stekkjartanga. Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar: (bls.10) segir: „Sá tangi mun vera sprungufylling, því djúpt er að honum bæði að utan og innan. Hann gengur nokkuð langt út í sjó, og er því gott var við hann, sjálfgerður brimbrjótur.



Mynd 40. Horft ofan á Stekkatanga. Lendingin var við slétta hluta tangans hægra megin á mynd.. Þar skammt ofar má sjá leifar sjóhúss.

Þar gátu stórir vélbátar lagzt að, og klöppin slétt og greiðfær upp að ganga upp í sjóhús, er stóð efst á tanganum. Eitthvað mun mannshöndin hafa lagað þarna til.“

Karlskáli 2064-188

Sérheiti: Stekkatún

Hlutverk: Vatnsveita, skurður

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Stekkatún er ofan við Stekkatanga 780m austur af túni á Karlskála.

Lýsing

Skurðurinn liggur frá efri enda svokallaðs Stekkjarhrauns, á ská ofan túnsins til suðausturs í átt til Fúlúvíkur. Hefur leitt vatn í burt frá túninu en vatnið mun einnig hafa verið nýtt sem neysluvatn.

Aðrar upplýsingar

Heimildarmaður, Guðmundur Stefánsson, segir þetta hafa verið handgrafna skurði til að þurrka upp túnið.

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 35) segir: „Langleiðina frá Stekkjarhrauni (svo) var djúpur skurður ofan túnsins, og enti skurðurinn út og niður í Fúlúvík. Þar rann úr skurðinum lækur inn á túnið og þar fram af klettunum. Þetta var neyzluvatn sjómanna.“

Karlskáli 2064-189

Hlutverk: Vörslugarður

Tegund: Heimild

Staðhættir/Lýsing

Ekki var farið út að Þeistárbjargi við skráningu 2019, en hnit var tekið á garðinum á loftmynd.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 15) segir: „Yst á Þeistárbjargi var hlaðinn grjótgarður upp að fjalli, og var hann til varnar geldneyti, sem var beitt utan hans.“



Mynd 41. Horft til suðurs eftir strandlengjunni neðan býlisins Kamba. Hægra megin við klettakambinn (Sandbáskamb) er Sandbás [2064-190], góð lending. Víkin lengst til vinstri á mynd hét Króartangabás [2064-186], þar voru einnig settir upp bátar..

Karlskáli 2064-190

Sérheiti: Sandbás

Hlutverk: Uppsátur

Tegund: Heimild

Staðhættir Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 6) segir: „Innan undir og í skjóli við kambinn [Sandbáskamb] var næst honum sandfjara og lengra frá malarfjara. Þarna heitir Sandbás. Þar var uppsátur og þótti góð lending, en stutt var upp í háa klettana, en þá lagði náttúran til það breiða rák úr fjörunni á ská upp á bakkann, að þar mátti bjarga minni bát undan brimi. En á bakkanum var fiskhús.“

Karlskáli 2064-191

Hlutverk: Gata

Tegund: Samgöngubót

Lýsing

Hnit á götunni er fengið af loftmynd.

Aðrar upplýsingar

Í Sveitum og jörðum (3. bindi. bls. 94) segir: “Þaðan [frá Stekktanga] er skammt út í Karlskálaskriður með snarbröttum urðum undir þungum klettabrúnum. Skriðurnar voru farnar eftir tæpum götum út í Krossanes. Torfærast var yfir Hallskamb, er gengur í sjó fram. Eina færa gönguleið úr skriðunum upp til fjalls er upp með Teitsá á lyngtær áður nefndar. Snjóflóðahætta

er í skriðunum [...]” Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 11) segir: „Utan í melhrygginn [nafnlaus en er fyrir utan Hallsleiti] er hvilft, og heitir hún Hvarf. Það er aðeins nokkra faðma yfir að fara, en þó alversti og ægilegasti staður á þessum slóðum, aurskriðan snarbrött, og varla möguleiki að ná þar fótfestu eða handfestu, ef út af götunni kom, en hún gat verið tæp, því í hana vildi renna aur ofan úr skriðunni. En alltaf var reynt að moka úr götunni bæði fyrir menn og dýr að sumrinu og á meðan jörð var ófrosin. Umferð var þar mikil, kýr og hestar voru geymd í Skriðunum, því þar var var allgott haglendi. Meðan búið var á Krossanesi voru þarna reiðgötur.“

Karlskáli 2064-192

Hlutverk: Mótekja

Tegund: Heimild

Staðhættir/lýsing

Ummerki um mótekju má finna víða í hlíðunum ofan við bæjarbrúnina. Hnit var tekið af loftmynd vestan bæjarlækjar.

Staðhættir

Í búskaparannál Sveita og jarða (3. bindi, bls. 94) segir : „Svarðartekja í miðju fjalli upp af bæ. Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 47) segir: „Fyrir utan hæðina tekur við Selið og hallar þá út af í átt að Bæjarlæk. Niðri við lækinn eru djúpir hvammar, gætu verið fornar svarðargrafir.“

Karlskáli 2064-193

Sérheiti: Svarðarmýrar/Svarðarmelur

Hlutverk: Mótekja

Tegund: Heimild

Staðhættir/lýsing

Ummerki um mótekju má finna víða í hlíðunum ofan við bæjarbrúnina. Svarðarmýri er austan bæjarlækjar um 700 norðaustan brúnar ofan bæjarins. Hnit var tekið á Svarðarmýri af loftmynd.

Staðhættir

„Þetta mýrarsund [ofan Bjarnamels] er útlendi Svarðarmýrar sem liggur áfram til vesturs og breiðir þar úr sér og er allstór og blaut yfirferðar. Þar var tekinn upp svörður, svo lengi sem ég man. Hann var fluttur á hestum í hripum á mel, sem lá neðan að mýrinni, kallaður Svarðarmelur, og þurrkaður. Þar á melnum stóð kofi, sem svörðurinn var geymdur í, er hann var þurr. Heim var hann fluttur á hestum, þegar auð var jörð, en að vetrinum á sleðum. En er svarðartekjuna þraut, stóð kofinn eftir.“

Karlskáli 2064-194

Sérheiti: Hákarlatunga

Hlutverk: Fiskverkun

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Í graslendismóa upp af Króartangabás og um 5m norður af svokölluðum Framhjalli [2064-112], eru ólögulegir niðurgreftir.

Lýsing

Svæðið er um 10m langt og 5m breitt og mjög gróið og erfitt að meta stærð grafanna nánar.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnalýsingu Stefáns Einarssonar (bls. 3) segir: „Hákallatunga er á bakka upp af Króartangabás. Þar var hákall verkaður í grófum.“

Karlskáli 2064-195

Sérheiti: Framsnið

Hlutverk: Vegur

Tegund: Heimild

Staðhættir/lýsing

Gata liggur á ská upp hlíðina ofan túngarðs og matjurtagarða [2064-136] við Kambslæk, í norðvesturhorni Karlskátúns, upp á klettabrún ofan túns.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 25) segir: „Frá Vörðubrekku (svo) og allt út að þessum læk eru brekkurnar klettalausar upp á Brýr að heita má. Þó er ljótur og allhár klettur upp af Löngufjörubökkum, en aðeins á stuttum kafla. Utan við lækinn, sem gæti hafa heitið Kambalækur, þótt hann sé spölkorn utan þeirra, er greiðfærust leið upp í fjallið, og var þar ruddur vegur á snið upp brekkuna og heitir Framsnið. Þar var farið með heyband, ef heyjað var í fjalli, og eins með svörð á hestum úr fjalli, meðan það var, og var ágæt leið.“

Karlskáli 2064-206

Sérheiti: Kaganes

Hlutverk: Uppsátur

Tegund: Heimild

Staðhættir/lýsing

Engin ummerki fundust um mannvirki í fjörunni og er hnit tekið af loftmynd.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls.4) segir: „Þar hallar klöppinni [nafnlaus] einnig út í sjóinn, og smá lækkar því nesið [Kaganes] einnig út í fjörðinn (í suður), en klöppinni hallar allri í suðvestur [...] Innan við klöppina er malarfjara, og var þar uppsátur fyrir 2-3 báta; innan fjörunnar er klöpp og gengur lítið eitt út í sjó, og er af þeirri klöpp nokkurt var. Sjóhús var uppi í bakkanum og nokkrar gamlar rústir.“



Mynd 42. Fjaran innan Kaganess þar sem bátar voru settir upp. Á bakkanum má sjá tóftir sjóhúsa [2064-107,145, 146 og 147]

Karlskáli 2064-196

Sérheiti: Efstahús. Langahús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið

Staðhættir

Tvístæð fjárhús eru ofarlega á Króartanga, 220m suðvestur af bæjarstæðinu.

Lýsing

Um er að ræða tvístæð fjárhús, grjóthlaðin og hafa verið garðar í þeim báðum. Húsin eru 12x12m að utanmáli. Bæði eru húsin um 3x10m að innanmáli og hafa dyr verið á þeim báðum til suðurs. Hleðslur standa ágætlega en farnar að hrynja, um 1m á hæð og 1m á þykkt. Tvær garðhleðslur, 7m og 11m langar tengja fjárhúsin við Tangarétt [2064-113].“

Aðrar upplýsingar

Heimildarmaður, Guðmundur Stefánsson, segir þarna hafa verið fjárhús úr torfi og grjóti sem hét Langahús. Það var rífið 1952 og sér nú ekkert eftir af því. Þetta mun vera saman hús og Eiríkur Björnsson nefnir í örnefnalýsingu (bls. 25) sinni þar sem segir: „Á Króartanga var mikil byggð. Efst var fjárhús, hét Efstahús. “

Karlskáli 2064-197

Sérheiti: Smiðjugrund

Hlutverk: Smiðja

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið

Staðhættir

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 31) segir: „Þegar komið er yfir brúna á Bæjarlæknum, er fyrst farið hjá Stóruhlöðu, sem stóð rétt ofan við veginn. Þar niður af hét Smiðjugrund allt niður á háan sjávarbakkann, en engin hafði verið þar smiðjan í manna minni.“

Karlskáli 2064-198

Hlutverk: Sel

Tegund: Heimild

Staðhættir/lýsing

Fannst ekki við fornleifaskráningu 2019, þrátt fyrir ítrekaða leit. Heimildarmaður, Guðmundur Stefánsson, kannaðist ekki við þessar minjar.

Aðrar upplýsingar

Í Örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 47) segir um selið: „Frá Mýrdal eru grónar flatir og brekkur allt út fyrir Marteinsmýri. Þær brekkur hækka, er utar dregur, og enda yzt í móbergskletti allháum og bröttum upp af Marteinsmýri utanverðri, þar sem hún er hæst. Fyrir utan hæðina tekur við Selið og hallar þá út af í átt að Bæjarlæk [...] Í Selinu eru vallgrónar rústir, að sjá mjög gamlar, á sléttum bala neðarlega í Selinu.“

Karlskáli 2064-199**Hlutverk:** Smiðja**Tegund:** Heimild**Ástand:** Horfið**Staðhættir**

Fannst ekki við skráningu 2019.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls 27.) segir: „Utan við Króartanga, á að gizka upp af Bæjarfjöru miðri, er berggangur um mitt tún í átt að sjó til fjalls og heitir Hraunið [...] Reiðgatan lá yfir það mitt [...] Neðan við veginn þar á Hrauninu stóð lítið járnklætt hús, Smiðjan.

Karlskáli 2064-200**Hlutverk:** Samkomuhús**Tegund:** Heimild**Ástand:** Horfið**Staðhættir**

Samkvæmt Sveitum og jörðum segir í Búskaparannál: „Bindindisfélag í Reyðarfjarðarhreppi þeim gamla byggði timburhús til samkomuhalds og funda 1897. Byggt úr skipaviðum og öll vinna gefins.“ Ekki sagt hvar.

Karlskáli 2064-201**Sérheiti:** Sléttaskarð**Hlutverk:** Gata**Tegund:** Samgöngubót**Lýsing**

Var ekki skoðað við skráningu 2019.

Staðhættir

Í Sveitum og jörðum (3. bindi. bls. 94) segir: “Ofar bæjarbrúnum heita lyngmóafláar Lyngtær og upp af bæ liggur dallægð upp í fjallgarðinn að Sléttaskarði innan við Álfjall, en Karlskálaskarð upp af Karlskáladal utar og bæði skörðin geng til Vöðlavíkur.” Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 40) segir: “Fyrir innan Álfjallsöxlina er lægð í fjallgarðinn, og er það Sléttuskarð. Að því eru brattar brekkur og klettarið báðum megin, þó er hægt að komast með hest yfir skarðið. Þar var talin stytta leið í Vöðlavík og oft farið þar yfir. Stutt er yfir sjálft skarðið, en vandratað í dimmunni, engin kennileiti, og hengiflug til allra hliða.”

Karlskáli 2064-202**Sérheiti:** Hallur**Hlutverk:** Mótekja**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 13) segir: „Allt þetta svæði frá Hallsleiti og út að Hallsvogum er einu nafni kallað Hallur, en Hallsvogur, þar sem við tekur dálítill undirlendisræma og ofar háar brekkur upp að fjallinu [...] Hallsvogur náðu út að Teistám eða Þeistám. Í Hallsvogum var síðast tekinn upp svörður í Karlskálalandi, og þá talið, að hann væri þrotinn gjörsamlega [...]“

Karlskáli 2064-203

Sérheiti: Karlskálaskarð

Hlutverk: Gata

Tegund: Heimild

Aðrar upplýsingar

Í sveitum og jörðum (3. bindi, bls. 94) segir: “Ofar bæjarbrúnum heita lyngmóafálar Lyngtær og upp af bæ liggur dallægð upp í fjallgarðinn að Sléttaskarði innan við Álfjall, en Karlskálaskarð upp af Karlskáladal utar og bæði skörðin geng til Vöðlavíkur.” Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 39) segir: “Innan við Snæfugl er breitt skarð í fjallgarðinn, og heitir það Karlskálaskarð. Þar er greið leið yfir bæði gangandi mönnum og ríðandi. Nú er þar fáfarið, en fyrr var oft farið þar um til Vöðlavíkur, og þá helzt að vetrarlagi, til þess að forðast hættur í Skriðunum, en á þessari leið voru engar hættur og ekki villugjarnt. Leiðin lá rétt utan við klettabríkur innarlega í skarðinu, og heita þær Folöld.”

Karlskáli 2064-204

Sérheiti: Heystæði

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Heimild

Staðhættir/lýsing

Var ekki skoðað við skráningu 2019.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnalýsingu Stefáns Einarssonar (bls. 3) segir: „Þar utan við [Votaleiti] eru Stekkatær og Stekkahjalli, Heystæði og Litlidalur.“ Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 41) segir: „Dalbotninn [í Karlskáladal, öðru nafni Dal] var að mestu sléttur. Þar var fyrr meir heyjað, og heyinu kastað í heystæði á þurrum mel, sem við það var kenndur og kallaður Heystæði.“

Karlskáli 2064-205

Hlutverk: Varða, kennimark

Tegund: Heimild

Staðhættir

Var ekki skráð 2019.

Aðrar upplýsingar

Í Örnefnalýsingu Stefáns Einarssonar (bls. 2) segir að Vörðubrekka sé skammt utan við Flesjarár og beri við loft heiman frá Karlskála. Í Örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 21) er vörðunni lýst: „Þar hét Uppi á Vörðubrekku. Þar á sléttri klöpp var vörðubrot að sjá, að hafi verið allmikið mannvirki. Sagt var, að varðan hafi fyrr meir verið mið í aðrar vörður,

Hávörður, inni í Breiðuvíkurlandi og verið innsiglingarmerki inn í Reyðarfjörð, og þá helzt til að forðast Rífsker, skerjagarð út af Hallshraunum alllangt út fjörðinn og koma úr sjó um háfjöru.“

Karlskáli 2064-210

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild

Staðhættir/lýsing

Var ekki skráð sumarið 2019.

Aðrar upplýsingar

Heimildarmaður, Guðmundur Stefánsson, segir að brunnur hafi verið ofan Kambabæjar, skammt neðan heimreiðar.

Karlskáli 2064-211

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild

Staðhættir/lýsing

Var ekki skráð sumarið 2019.

Aðrar upplýsingar

Heimildarmaður, Guðmundur Stefánsson, segir að brunnur hafi verið ofarlega á Króartanga.

Karlskáli 2064-212

Sérheiti: Stekkatangi

Hlutverk: Mótekja

Tegund: Heimild

Staðhættir/lýsing

Engin ummerki mótekju fundust á tanganum en þar var skráður mókofi [2064-162] sem má ætla að hafi verið í nágrenni svarðargrafanna.

Aðrar upplýsingar

Heimildarmaður, Guðmundur Stefánsson, segir mó hafa verið tekinn á Stekkatanga áður en tún var þurrkað þar.

Karlskáli 2064-213

Hlutverk: Vatnsveita

Tegund: Heimild

Staðhættir/lýsing

Var ekki skráð sumarið 2019.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnalýsingu Eiríks Björnssonar (bls. 44) segir: Þegar Bæjarlækurinn var virkjaður 1914 var Stóralæk veitt vestur fyrir um mýrarsundið ofan Bjarnamels, en gaf lítinn vatnsauka og minnstan, þegar mest þurfti. Þetta mýrarsund er útendi Svarðarmýrar [...]"

Heimildarmaður, Guðmundur Stefánsson, segir að gerð hafi verið stífla á Stóralæk og skurður í Bæjarlækinn mjög ofarlega í hlíðinni. Safnþróin var ofan við fossinn í Bæjarlæknum ofan bæjar.


Samantekt

Alls voru skráðar 108 minjar í landi Karlskála. Þar af voru 93 minjar skráðar á vettvangi en 15 minjar voru einungis skráðar úr heimildum.

Tafla 1. Fjöldi minja á Karlskála.

Jörð	Heildarfjöldi minja	Minjar skráðar á vettvangi	Úr heimildum
Karlskáli	108	94	14

Flestar minjanna sem skráðar voru, eru hefðbundnar landbúnaðar- og útgerðarminjar frá 19. – 20. öld en vegna takmarkaðs landrýmis hafa eldri mannvirki horfið, verið endurbyggð eða leifar þeirra hafnað undir yngri byggingum. Það er því fátt ofanjarðar sem minnir á forna tíð. Elstu minjarnar eru líklega minjar sels sem var í brekkunum ofan bæjarbrúnar en tóftir þess fundust ekki þrátt fyrir ítrekaða leit. Þess er þó getið sem jarðsokkinna tófta í örnefnaskrá Eiríks Björnssonar. Einhverjar minjanna falla ekki enn undir 100 ára reglu laga um menningarminjar en þær eru hafðar með sem mikilvægur hluti þeirrar áhugaverðu minjaheildar sem svæðið býður upp á.



Mynd 43. Helstu minjaflokkar í landi Karlskála. Sumar minjanna hafa fleiri en eitt hlutverk.

Karlskáli fór í eyði 1961 eftir að bæjarhús brann. Þar höfðu tún að einhverju leyti verið unnin með dráttarvél en þó er enn eftir nokkuð heildstætt búsetulandslag í og við túnin.

Fjölbreytt og heildstætt minjalandslag er í landi Karlskála, vitnisburður um að þar var um tíma stórbýli, sem byggði afkomu sína að hluta á búskap en einnig miklu leyti á sjósókn. Heimatún er afgirt stæðilegum túngarði og innan hans eru enn leifar nokkurra grjót- og torfhlaðinna útihúsa, matjurtagarða, auk leifa steinsteyprar heimarafstöðvar. Bæjarstæðið er heillegt og leifar seinasta

íbúðarhússins standa enn og gefa staðnum svip. Utan túna er einnig að finna fjölda minja. Utan

bæjar, á Stekkanesi eru leifar sjóhúsa auk stekkjartóftar, beitarhúsa og réttar. Innan túns, á Króartanga, er að finna óvenjulegar tótir af samföstum fjárhúsum og rétt, auk nokkurra menja um sjósókn. Tvö afbýli voru frá Karlskála, Kambar og Kaganes. Á báðum stöðum er einnig að finna leifar um sjósókn. Leifar þessara býla eru enn glöggar og eru góð dæmi um grasbýli og þann smábúskap sem víða var stundaður við sjávarsíðuna á öndverðri 20. öld.

Hættumat

Tafla 2. Yfirlit yfir hættumat minja.

Jörð	Engin hætta	Hætta	Mikil hætta
Karlskáli	64	11	19

Við fornleifaskráningu er metið hvort minjar séu í hættu af völdum umhverfisaðstæðna eða framkvæmda. Kirkjuból og Krossanes eru eyðijarðir og því ekki í mikilli hættu vegna framkvæmda en þó er sumarbústaður á Kirkjubóli og gætu því fylgt einhverjar minniháttar framkvæmdir. Helsta hættan sem stafar að minjum er ágangur sjávar en báðir bæirnir byggðu afkomu sína að nokkru leyti á sjósókn og ummerki um þá útgerð er að finna við ströndina.



Mynd 44. Horft til norðurs yfir bæjarstæði Karlskála. Sjá má hvernig sjór brýtur af túni neðan bæjarstæðisins.

Á Karlskála eru 19 minjar sem teljast í mikilli hættu, 11 minjar eru í einhverri hættu, og 64 minjar í engri hættu. Alls eru því 28% (30/108) minja sem skráðar voru á vettvangi, metnar í hættu eða mikilli hættu. Allar minjarnar sem eru í mikilli hættu eru sjóminjar, sjóhús og aðrar tóftir á Kaganesi, tóftir á Króartanga og tóftir á og nærri Stekkatanga. Tóft íshúss í heimatúni er einnig að hluta komin í sjó fram.

Niðurlag

Merkt gönguleið er frá Karlskála út að eyðijörðinni Krossanesi og þaðan til Vöðlavíkur. Heillegar leifar þeirra býla sem gönguleiðin liggur hjá eru mikilvægur minnisvarði austfirskar strandbyggðir sem varði allt frá landnámsöld fram á miðja 20. öldina. Minjarnar og umhverfið bera vitni um hvernig menn höfðu lífsviðurværi sitt af búskap og sjósókn, oft við erfiðar aðstæður og óblítt veðurfar. Gera þarf þessum hógværu hversdagminjum hærra undir höfði og væri upplagt að kynna þær sérstaklega, hvort sem er í bæklingum eða netmiðlum þannig að ferðafólk hafi aðgang að upplýsingum um hvaða minjar eru til staðar og fyrir hvað þær standa.

Samkvæmt lögum um menningarminjar (nr. 80, 2012) er óheimilt með öllu að hróflað að við fornleifum án leyfis Minjastofnunar Íslands. Mikilvægt er að minjar séu skildar eftir í sama ástandi og komið var að þeim. Minjar geta leynst neðanjarðar þótt ekkert sjáist á yfirborði. Komi minjar óvænt upp við framkvæmdir ber þegar í stað að stöðva þær og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir

Íslenskt fornbréfasafn VII, 1170-1505. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag Rvk.1907.

Ásmundur Helgason. (1949). *Á sjó og landi. Endurminningar*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.

Finnur N. Karlson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson (ritstj.). (2000). *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874*. Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Hjörleifur Guttormsson (2005). Árbók Ferðafélags Íslands. *Austfirðir frá Reyðarfirði til Seyðisfjarðar*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

Johnsen, J (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.

Ólafur Lárusson. (1944). *Byggð og saga*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.

Ólafur Olavíus. (1964). *Ferðabók. Landshagir í norðvestur-, norður – og norðaustursýslum Íslands 1775-1777*. . Reykjavík: Bókfellsútgáfan.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi 3. bindi. (1976). Reykjavík: Búnaðarsamband Austurlands.

Örnefnaskrár

Örnefnaskrá Karlskála. Eiríkur Björnsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Karlskála. Stefán Einarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Netsíður

Lög um menningarminjar á vef alþingis. Skoðað 31.05.2020.
<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Manntöl á vef Þjóðskjalasafns. Skoðað 31.05.2020.
www.manntal.is

Heimasíðar Minjastofnunar Íslands. Skoðað 31.03.2020
www.minjastofnun.is

Yfirmat fasteigna 1918 á vef landsbókasafns. Skoðað 31.05.2020
<https://icdb.landsbokasafn.is/document/ICDB/Jar%C3%B0amat;%20Su%C3%B0ur-M%C3%BAlas%C3%BDsla/>

Fylgiskjöl

Karlsskáli - hnitaskrá

Númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
2064-84		híbyli, útihús	tóft, hleðsla	800	1960	vel greinanleg	engin hætta		747661	509019
2064-85	Færeyingakofi	sjóbúð, hesthús	tóft	1700	1950	vel greinanleg	engin hætta		747721	509033
2064-86	Lambhús, Hrutakofi	fjárhús, hlaða	tóft	1800	1950	vel greinanleg	mikil hætta		747682	509066
2064-87	Vatnsmyllan	mylla	tóft	1800	1950	greinanleg	hætta	vatnsrof	747642	509069
2064-88		ræsi	niðurgröftur	1800	1950	greinanleg	hætta	vatnsrof	747643	509091
2064-89	Skúrhús	fjárhús, hlaða	tóft	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		747623	509080
2064-90	Stöðull	kvíar	tóft	1800	1905	vel greinanleg	engin hætta		747613	509107
2064-91	Stórahlaða	hlaða	tóft	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		747629	509021
2064-92		óþekkt, kofi	tóft	1800	1950	greinanleg	engin hætta		747568	509048
2064-93		óþekkt, kofi	hleðsla	1800	1950	greinanleg	engin hætta		747545	509024
2064-94		brú	hleðsla	1700	1960	vel greinanleg	hætta	vatnsrof	747613	509012
2064-95		óþekkt	tóft	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta		747555	509011
2064-96		samgöngubót	gata	800	1900	vel greinanleg	engin hætta		747967	508978
2064-97		óþekkt, hesthús	tóft	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		747881	508990
2064-98		fjós	dæld	1800	1900	greinanleg	engin hætta		747759	509072
2064-99	Traðir	heimreið, samgöngubót	gata	800	1900	vel greinanleg	engin hætta		747767	509103
2064-100		túngarður, varnargarðlag	garðlag	800	1900	vel greinanleg	engin hætta		747722	509162
2064-101		óþekkt, uppsátur	niðurgröftur	1800	1950	greinanleg	mikil hætta	vatnsrof	747832	508953
2064-102		ræsi	niðurgröftur	1800	1900	vel greinanleg	engin hætta		747659	509054
2064-103		íshús	tóft	1800	1950	greinanleg	mikil hætta	vatnsrof	747559	508964
2064-104		brunnur	niðurgröftur	800	1900	vel greinanleg	engin hætta		747655	509078
2064-105		varnargarður	hleðsla	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		747665	509041
2064-106		kartöflugeymsla	tóft	1800	1900	vel greinanleg	engin hætta		747693	508996
2064-107		sjóhús	tóft	1500	1950	greinanleg	mikil hætta		747776	508972
2064-108		matjurtagarður	hleðsla, niðurgröftur	1800	1960	vel greinanleg	engin hætta		747670	508999
2064-109		óþekkt, uppsátur	niðurgröftur	1800	1950	vel greinanleg	mikil hætta	vatnsrof	747749	508964
2064-110	Stöðulhús	fjárhús, lambhús	tóft	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		747609	509139
2064-111		rafstöð	steinsteyp	1900	1960	vel greinanleg	engin hætta		747606	509177
2064-112	Framhjallur	hjallur	hleðsla	1800	1950	vel greinanleg	mikil hætta	vatnsrof	747389	508929
2064-113	Tangarétt	rétt	tóft	800	1900	vel greinanleg	engin hætta		747431	508950
2064-114	Lambhús, Miðhús	fjárhús	tóft	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		747444	508925
2064-115	Fiskihús	fiskvinnsla	tóft	1800	1950	vel greinanleg	mikil hætta	vatnsrof	747395	508922
2064-116		hjallur, fiskvinnsla	tóft	1800	1950	vel greinanleg	mikil hætta	vatnsrof	747448	508896
2064-117		naust	tóft	1800	1950	vel greinanleg	mikil hætta	vatnsrof	747427	508892
2064-118	Gulahúsið	geymsla	grunnur	1800	1900	vel greinanleg	hætta	vatnsrof	747417	508908
2064-119		hákarlagröf	niðurgröftur	1800	1950	vel greinanleg	mikil hætta	vatnsrof	747398	508914
2064-120	Kambar	híbyli	tóft, steinsteypa	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		747230	509011
2064-121		matjurtagarður	hleðsla	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		747222	509007
2064-122		óþekkt, kofi	tóft	1800	1900	greinanleg	engin hætta		747227	508993
2064-123		óþekkt, kofi	púst	800	1900	greinanleg	engin hætta		747251	509008
2064-124		súrheysgryfja	hleðsla, steinsteypa	1910	1950	vel greinanleg	engin hætta		747200	509013

Karlsskáli - hnitaskrá

Númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
2064-125		rétt	garðlag	1850	1950	vel greinanleg	engin hætta		747193	509011
2064-126		vörslugarður	garðlag	800	1950	vel greinanleg	engin hætta		747113	509050
2064-127		fjárhús, hlaða	tóft	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		747144	509086
2064-128		óþekkt	tóft	1800	1950	greinanleg	engin hætta		747160	508985
2064-129		sjóhús	tóft	1600	1950	vel greinanleg	mikil hætta	vatnsrof	747195	508936
2064-130		fiskreitir, hjallur?	hleðsla	1800	1961	vel greinanleg	hætta	vatnsrof	747195	508946
2064-131		fiskreitir, hjallur?	hleðsla	800	1900	vel greinanleg	engin hætta		747224	508960
2064-132		óþekkt	tóft	1800	1900	vel greinanleg	engin hætta		747218	508949
2064-133		fiskvinnsla, hákarla	tóft	1800	1950	greinanleg	hætta	vatnsrof	747196	508955
2064-134		fiskvinnsla, hákarla	niðurgroftur	1800	1950	greinanleg	mikil hætta	vatnsrof	747185	508946
2064-135		óþekkt	hleðsla	1800	1950	greinanleg	engin hætta		747331	509046
2064-136		matjurtagarðar	hleðsla	1850	1950	vel greinanleg	engin hætta		747377	509145
2064-137		óþekkt	tóft	1800	1959	vel greinanleg	engin hætta		746965	509001
2064-138		fjárhús, hlaða	tóft	1800	1900	greinanleg	engin hætta		746804	508896
2064-139		fjárhús	tóft	1850	1950	vel greinanleg	engin hætta		746772	508876
2064-140		túngarður	garðlag	1850	1950	vel greinanleg	hætta	vatnsrof	746550	508826
2064-141	Kaganes	híbýli	steypa, hleðsla	1900	1950	vel greinanleg	engin hætta		746523	508771
2064-142		útihús, sjóhús?	hleðsla	1900	1950	vel greinanleg	engin hætta		746519	508753
2064-143		hjallur	hleðsla	1850	1950	vel greinanleg	engin hætta		746516	508736
2064-144		rétt	hleðsla	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		746779	508830
2064-145		sjóhús	tóft	1700	1950	vel greinanleg	mikil hætta	vatnsrof	746584	508622
2064-146		sjóhús	tóft	1800	1950	vel greinanleg	mikil hætta	vatnsrof	746546	508628
2064-147		sjóbúð	tóft	1800	1900	vel greinanleg	mikil hætta		746572	508629
2064-148		smalakofi	tóft	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		746773	508886
2064-149		óþekkt	hleðsla	800	1800	greinanleg	engin hætta		746270	508726
2064-150		óþekkt, smalakofi	tóft	1800	1950	greinanleg	engin hætta		746892	508857
2064-151		samgöngubót	gata	800	1960	vel greinanleg	engin hætta		748287	509154
2064-152		heyttóft	tóft	1800	1950	greinanleg	hætta	vatnsrof	748009	508977
2064-153		heyttóft	tóft	1800	1900	vel greinanleg	hætta	vatnsrof	748018	508979
2064-154		sjóhús, híbýli	tóft	1920	1950	vel greinanleg	mikil hætta	vatnsrof	748300	508938
2064-155		óþekkt, kofi	tóft	1800	1900	vel greinanleg	mikil hætta	vatnsrof	748316	508938
2064-156		beitarhús	tóft	1800	1960	vel greinanleg	engin hætta		748619	508966
2064-157		óþekkt, kofi	púst	1800	1960	greinanleg	engin hætta		748597	508966
2064-158		rétt	garðlag	1800	1960	vel greinanleg	engin hætta		748622	509023
2064-159		óþekkt, naust	niðurgroftur	1800	1950	greinanleg	mikil hætta	vatnsrof	748619	508940
2064-160		sjóhús	tóft	1800	1900	vel greinanleg	mikil hætta	vatnsrof	748671	508870
2064-161		stekkur, rétt	tóft, garðlag	1700	1900	vel greinanleg	hætta	vatnsrof	748682	508881
2064-162		mókofi, hlóðir	tóft	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		748674	508897
2064-163		vörslugarður	garðlag	1800	1900	vel greinanleg	engin hætta		748768	509008
2064-164		heyttóft	púst	1800	1950	greinanleg	engin hætta		748385	508975
2064-165		rétt	tóft	1800	1950	vel greinanleg	hætta	vatnsrof	746184	509069

Karlsskáli - hnitaskrá

2064-185		samgöngubót	heimreið	1800	1961	vel greinanleg	engin hætta		747505	509022
2064-186	Króartangabás	uppsátur	heimild		1950	vel greinanleg	engin hætta		747341	508934
2064-187	Stekkatangi	uppsátur	heimild		1950	vel greinanleg	engin hætta		748655	508853
2064-188	Stekkatún	vatnsveita	niðurgröfur		1950	vel greinanleg	engin hætta		748709	508991
2064-189		vörslugarður	heimild		1950	vel greinanleg	engin hætta		750238	509297
2064-190	Sandbás	uppsátur	heimild		1950	vel greinanleg	engin hætta		747187	508911
2064-191		samgöngubót	heimild		1950	vel greinanleg	engin hætta		748930	508986
2064-192		svarðartekja	niðurgröftur		1950	vel greinanleg	engin hætta		747546	509385
2064-193	Svarðarmýrar/Svarðarmelur	svarðartekja	niðurgröftur		1950	vel greinanleg	engin hætta		748086	509890
2064-194	Hákarlatunga	fiskverkun	niðurgröftur		1950	vel greinanleg	engin hætta		747391	508936
2064-195	Framsnið	samgöngubót	gata		1961	vel greinanleg	engin hætta		747399	509188
2064-206	Kaganes	uppsátur	heimild		1950	vel greinanleg	engin hætta		746567	508603
Óstaðsettar minjar										
2064-196	Efstahús, Langahús	fjárhús	heimild		1950	horfið	ómetið			
2064-197	Smiðjugrund	smiðja	heimild		1950	horfið	ómetið			
2064-198	Sel	sel	heimild		1800	fannst ekki	ómetið			
2064-199		smiðja	heimild		1950	horfið	ómetið			
2064-200		samkomuhús	heimild		1950	horfið	ómetið			
2064-201	Sléttaskarð	gata	heimild		1950	ekki skoðað	ómetið			
2064-202	Hallur	mótekja	heimild		1950	ekki skoðað	ómetið			
2064-203	Karlsskálaskarð	gata	heimild		1950	ekki skoðað	ómetið			
2064-204	Heystæði	heytóft	heimild		1950	ekki skoðað	ómetið			
2064-205		varða	heimild		1950	ekki skoðað	ómetið			
2064-210		brunnur	heimild		1950	ekki skoðað	ómetið			
2064-211		brunnur	heimild		1950	ekki skoðað	ómetið			
2064-212	Stekkatangi	mótekja	heimild		1950	ekki skoðað	ómetið			
2064-213		vatnsveita	heimild		1950	ekki skoðað	ómetið			

Karlskáli - yfirlitsmynd af skráningarsvæðinu

